



NÓVEMBER 2022

KAUPFÉLAG SKAGFIRÐINGA SVF.,

HÁI KLETTUR EHF.

og

GLEÐIPINNAR HF.

TILKYNNING UM FYRIRHUGAÐAN SAMRUNA

SAMKEPPNISEFTIRLITID

KPMG Law ehf.
Borgartúni 27
105 Reykjavík
Sími: +354 545 6100



Samkeppniseftirlitið
Borgartúni 26
105 Reykjavík

Reykjavík, 2. nóvember 2022.

Vegna:	Kaupfélags Skagfirðinga svf. kt. 680169-5009 Ártorgi 1 550 Sauðárkróki	Háa kletts ehf. kt. 410210-1260 Sunnuvegi 1 104 Reykjavík	Gleðipinna hf. kt. 460215-0130 Fossaleyni 1 112 Reykjavík
---------------	---	--	--

Efni: Tilkygning um samruna á grundvelli b-liðar 1. mgr. 17. gr. laga nr. 44/2005.

Með vísan til 17. gr. a samkeppnislaga nr. 44/2005, (skl.), tilkynnist hér með um samruna Kaupfélags Skagfirðinga svf., Háa kletts ehf. og Gleðipinna hf. Samkeppniseftirlitið hefur tilkynnt umboðsmanni samrunaaðila að með vísan til 2. mgr. 17. gr. d. skl. óski Samkeppniseftirlitið eftir að fá fulla samrunaskrá til að geta metið samkeppnisleg áhrif samrunans. Meðfylgjandi bréfi þessu er því samrunatilkynning (samrunaskrá).

Þann 27. ágúst 2022 var undirritaður kaupsamningur milli óstofnað félags, hér eftir nefnt NewCo I, sem kaupanda og Granats ehf., Hinna ehf., Jöklaborgar ehf., Þórarins Ragnarssonar, Eldheima ehf. og ÞR ehf., sem saman eru hluthafar Gleðipinna hf., sem seljenda, um allt hlutfé Gleðipinna hf. Samhliða afhendingu hins selda mun félag í sameiginlegri eigu seljenda kaupa nokkrar rekstrareiningar Gleðipinna hf. Þá mun óstofnað félag, hér eftir nefnt NewCo II, kaupa ákveðin fyrirtæki/rekstrareiningar sem nú eru undir yfirráðum Gleðipinna hf., sbr. viðauka við framangreindan kaupsamning sem gerður var þann 5. október 2022.

NewCo I [] Kaupfélags Skagfirðinga svf. og Háa kletts ehf. og þar með mun verða samruni í skilningi 17. gr. skl. sem samrunatilkynning þessi tekur til.

NewCo II verður í [] eigu Kaupfélags Skagfirðinga svf., []% eigu Háa kletts ehf. og []% í eigu seljenda samkvæmt ofangreindum viðauka við kaupsamning. Þar með mun verða samruni í skilningi 17. gr. skl. Vísast um hann nánar til annarrar samrunatilkynningar sem send er Samkeppniseftirlitinu á sama tíma og samrunatilkynning þessi.

Framangreindir samrunar verða á grundvelli b. liðar 1. mgr. 17. gr. skl. Veltuskilyrði 1. mgr. 17. gr. a., skl. teljast uppfyllt í báðum tilvikum og eru fyrirhugaðir samrunar því tilkynningarskyldir til Samkeppniseftirlitsins.

Samrunaskránni og fylgiskjöllum er eingöngu ætlað að vera til afnota fyrir Samkeppniseftirlitið. Í henni eru settar fram ýmsar upplýsingar sem samrunaaðilar óska eftir að farið verði með sem trúnaðarmál. Meðfylgjandi tilkynningu eru fylgiskjöl, sbr. fylgiskjal A-N. Í sumum þeirra eru trúnaðarupplýsingar og er þess óskað að fyllsta trúnaðar verði gætt við meðferð þeirra sbr. 16. gr. reglna um málsmeðferð Samkeppniseftirlitsins nr. 880/2005, þar sem um viðkvæmar upplýsingar er að ræða. Fylgiskjöl sem eru trúnaðarmál eru auðkennd með rauðum stimpli.

Tengiliður aðila vegna málsmeðferðar þessarar er:

Jónas Rafn Tómasson
Lögmaður
KPMG Law ehf., Borgartúni 27, Reykjavík
Sími: 545-6180, netfang: jtomasson@kpmg.is

Ef frekari upplýsinga eða gagna er þörf þá mun undirritaður annast um milligöngu við útvegum þeirra.

TRÚNAÐARMÁL

Allar tölulegar upplýsingar, s.s. veltutölur, markaðshlutdeild, eignarhlutir í félögum og allar fjárhagslegar upplýsingar varðandi samrunann sem fram koma í samrunaskránni og meðfylgjandi gögnum, eru trúnaðarmál og skulu vera meðhöndlaðar í samræmi við það. Sú umfjöllun sem telst til trúnaðar er auðkennd sérstaklega. Samhliða afhendingu samrunaskrár þessarar verður afhent eintak á rafrænu formi þar sem trúnaðarupplýsingar hafa verið afmáðar.

Efnisyfirlit

1. Stutt lýsing samruna.....	5
2. Grunnupplýsingar um samrunaaðila.....	5
Fyrirtæki sem Gleðipinnar hf. hafa bein og óbein yfirráð yfir:	7
3. Upplýsingar um samrunann	8
Ávinningur samrunans felst í aukinni hagræðingu og samlegð sem tryggir samkeppnishæfni fyrirtækjanna. Verða félögin því betur í stakk búin til samkeppni við önnur félög á markaðnum í kjölfar samrunans. Þá áætla aðilar að með samrunanum muni nást fram hagræðing í yfirstjórn, innkaupum, birgðahaldi, dreifingu og fleiru.	9
4. Eignarhald og yfirráð	9
5. Persónuleg og fjárhagsleg tengsl og fyrri yfirtökur	10
KS yfirtók á árinu 2020 M-veitinar ehf. (Nú Metro ehf.), sbr. úrskurð eftirlitsins í máli nr. 1/2021. Núverandi eigendur Gleðipinna hf. sameinuðu rekstrareiningar sínar á árinu 2020 sbr. úrskurð eftirlitsins í máli nr. 4/2020.	
11	
6. Skilgreiningar á mörkuðum	11
7. Upplýsingar um markaði þar sem áhrifa gætir.....	15
Á dagvörumarkaði eru fyrirtæki að einhverju leyti lóðrétt samþætt, t.d. selja verslanir KS meðal annars þær framleiðsluvörur sem félög í samstæðu þess framleiða.	21
8. Almenn skilyrði á mörkuðum þar sem áhrifa gætir.....	22
Almennt virðast erlendir aðilar ekki velja að stunda starfsemi á markaði veitinga- og skyndibitastaða með beinum hætti. Þó er algengt að innlendir aðilar geri viðskiptasamninga of (e. franchise) og fái að nýta erlend vörumerki, t.d. Dominos, KFC, PizzHut o.s. frv.	28
Kaldar sósur eru almennt framleiddar hér á landi eða fluttar inn í gegnum innlenda umboðsaðila. Er sennilegast að svo verði áfram. Í þessu samhengi er þó rétt að benda á að Kjarnavörur hf. sem eru mjög stór aðili á markaðnum eru í meirihlutaeigu Dragsbæk Margarinfabrik A/S og ekkert sem kemur í veg fyrir að erlendir aðilar fjárfesti hér á landi í slíkri starfsemi.	28
KS er aðili að Samtökum verslunar- og þjónustu, Samtökum fyrirtækja í sjávarútvegi, Samtökum fyrirtækja í landbúnaði, Samtökum Atvinnulífsins, Samtökum sláturleyfishafa og Samtökum mjólkuriðnaðarins. Gleðipinnar hf. og Háí klettur ehf. eru ekki í atvinnugreinasamtökum.	30
9. Áhrif á neytendur og milliliði.....	30
10. Samstarfsáhrif sameiginlegs verkefnis	30
11. Viðbótartakmarkanir.....	30
12. Yfirlýsing.....	31
13. Fylgiskjöl.....	32
Fylgiskjal C: [].	32
Fylgiskjal D: [].	32
Fylgiskjal E: [].	32
Fylgiskjal F: [].	32
Fylgiskjal G: [].	32

1. Stutt lýsing samruna

Samruninn nær til félaganna Kaupfélags Skagfirðinga svf. (hér eftir KS), Háa kletts ehf. og Gleðipinna hf.

KS og Háa klettur ehf. gerðu þann 27. ágúst 2022 í gegnum óstofnað félag, NewCo I, kaupsamning við hluthafa Gleðipinna hf. um allt hlutfé Gleðipinna hf. KS og Háa klettur ehf. munu eiga NewCo I []. Kaupverðið er greitt með peningum, sjá nánar gr. 2.6, 3 og 4 í kaupsamningi, sbr. fylgiskjal A.

Í Gleðipinum hf. eru nú rekstrareiningarnar Keiluhöllin Egilshöll, sportbar og Shake & Pizza. Þá eiga Gleðipinnar hf. eftirtalin félög/hlut í eftirtöldum félögum:

- Gleðiheima ehf., kt. 681015-3610, þar sem rekstrareiningarnar Aktu Taktu, American Style, Pítan og Saffran eru.
- Nautafélagið ehf., kt. 710709-0170 þar sem rekstrareiningin Íslenska Hamborgarafabrikkan er.
- BlackBox Pizzeria ehf., kt. 520917-0710 (80%) þar sem nú rekinn er einn BlackBox staður.
- Rush Iceland ehf., kt. 710717-0440, þar sem rekstur Rush Trampólíngarðs er.
- Icelandic Food Company ehf., kt. 411117-0650, (45%) þar sem matvælaframleiðsla fer fram.
- TÁT ehf., kt. 441121-1990, (49%) þar sem rekstrareiningin Olifa La Madre Pizza er.

Samhliða afhendingu hins selda mun félag í eigu seljenda kaupa nokkrar rekstrareingar af Gleðipinum hf., þ.e. Pítuna, Saffran, auk þess að kaupa eignarhlut Gleðipinna hf. í Icelandic Food Company ehf. og TÁT ehf. Gerir kaupsamningur aðila ráð fyrir að framangreind viðskipti verði framkvæmd samhliða afhendingu á Gleðipinum hf. til NewCo I. Þá hefur félagið Gleðipinnar hf. nú þegar tryggt sér 100% eignarhlut í Nautafélaginu ehf., en áður átti félagið 75% hlut.

Þann 5. október 2022 var gerður viðauki við framangreindan kaupsamning þar sem aðilar komust að samkomulagi um að samhliða afhendingu hins selda skuli gerður kaupsamningur þar sem nýtt félag, í samrunatilkynningu þessari nefnt NewCo II, sem skal vera í []seljenda, []% eigu KS og []% eigu Háa kletts ehf., kaupir allt hlutfé í Rush Iceland ehf., kt. 710717-0440. Jafnframt skal gerður kaupsamningur þar sem Rush Iceland ehf. kaupir rekstrareiningar Keiluhallarinnar, sportsbars í Keiluhöllinni og Shake & Pizza úr Gleðipinum hf. Eftir söluna mun enginn rekstur vera í Gleðipinum hf., félagið mun halda á hlutfé annarra félaga.

Þær rekstrareiningar/félög sem munu fara inn í NewCo I og samruni samkvæmt þessari samrunatilkynningu hefur áhrif á eru Aktu Taktu, American Style, Nautafélagið ehf. og BlackBox Pizzeria ehf.

KS er samvinnufélag með yfir 1.500 félagsmenn. KS starfar á nokkrum ólíkum mörkuðum s.s. á markaði fyrir fóður, áburð og rekstrarvörur til landbúnaðar, sölu bygginga- og rekstrarvöru, sölu dagvöru, mjólkurvinnslu, slátrun og kjötvinnslu, framleiðslu sósa og ídýfa, markaði fyrir bifreiðaviðgerðir, vélaviðgerðir og vöruflutninga innanlands, markaði fyrir prentþjónustu og innréttingasmíði. KS á félagið Metro ehf. í jöfnum hlutföllum með Háa kletti ehf. Í því félagi eru reknir tveir Metro veitingastaðir.

Háa klettur ehf. er í eigu Árna Péturs Jónssonar, kt. 111266-3799. Háa klettur ehf. er fjárfestingarfélag og er ekki í beinum rekstri. Háa klettur ehf. á ekki eignarhlut í neinum félögum sem eru í samkeppni við samrunaaðila, utan eignarhluta í Metro ehf.

Að mati samrunaaðila er það einna helst starfsemi veitingastaða sem kemur til skoðunar vegna samrunans sem hér um ræðir. Einnig kemur til skoðunar markaður fyrir kaldar sósur, markaður fyrir vinnslu á kjötvörum og sala á þeim og dagvörumarkaður.

2. Grunnupplýsingar um samrunaaðila

Kaupfélag Skagfirðinga svf.,
kt. 680169-5009,
Ártorgi 1,

550 Sauðárkróki

Skráður tilgangur félagsins er að annast á sem hagfelldastan hátt hvers konar viðskipti og þjónustu fyrir félagsmenn og aðra, svo sem nánar er kveðið á í samþykktum, eða aðalfundur félagsins ákveður á hverjum tíma. Að efla atvinnulíf í héraðinu með beinni eða óbeinni þátttöku félagsins, svo sem stjórn þess og aðalfundur telja hentast hverju sinni. Að styrkja framtíð félagsins með því að treysta fjárhag þess. Að viðhalda og útbreiða þekkingu almennings á samvinnustefnu og aðferðum samvinnuhugsjónarinnar við að leysa félagsleg viðfangsefni. Aðalstarfsemi félagsins er stórmarkaðir og matvöruverslanir (ÍSAT nr. 47.11.1), slátrun og vinnsla á kjöti, þó ekki alifuglakjöti, (ÍSAT nr. 10.11.0) og mjólkurbú og ostagerð (ÍSAT nr. 10.51.0).

KS á dótturfélagið Vogabæ ehf., kt. 470193-3369, en félagið selur m.a. vörur undir merkinu E. Finnsson og Voga ídýfa og Mjólka. Þá hefur KS keypt félagið Gunnars ehf., kt. 430314-0410, en sá samruni er til rannsóknar hjá Samkeppniseftirlitinu. KS á einnig 50% hlut í Metro ehf., kt. 431012-0570 (áður M-veitingar ehf.) sem rekur tvo veitingastaði undir merkjum Metro í Skeifunni og á Smáratorgi.

Fyrirtæki sem Kaupfélag Skagfirðinga svf. hefur bein og óbein yfirráð yfir:

- Esja Gæðafæði ehf.:* KS á allt hlutfé í Esja Gæðafæði ehf., kt. 700404-3660.
- FISK Seafood ehf.:* KS á allt hlutfé í FISK Seafood ehf., kt. 461289-1269.
- Brennigerði ehf.:* FISK Seafood ehf. á allt hlutfé í Brennigerði ehf., kt. 420620-1870.
- Fóðurblandan ehf.:* KS á 79,17% hlut í Fóðurböndunni ehf., kt. 550169-0889.
- Vörumiðlun ehf.:* KS á allt hlutfé í Vörumiðlun ehf., kt. 660496-2389.
- Tengill ehf.:* KS á allt hlutfé í Tengill ehf., kt. 690987-1559.
- Fóðurfélagið ehf.:* KS á allt hlutfé í Fóðurfélaginu ehf., kt. 591206-1330.
- Nýprent ehf.:* KS á allt hlutfé í Nýprent ehf., kt. 431204-2820.
- Trésmiðjan Borg ehf.:* KS á allt hlutfé í Trésmiðjunni Borg ehf., kt. 690806-0880.
- Sláturhús Hellu hf.:* KS á allt hlutfé í Sláturhúsi Hellu hf., kt. 511001-2180.
- Vogabær ehf.:* KS á allt hlutfé í Vogabæ ehf., kt. 470193-3369.
- Íslenskar sjávarafurðir ehf.:* KS á allt hlutfé í Íslenskum Sjávarafurðum ehf., kt. 700103-3150.
- KS-IcePro ehf.:* KS á allt hlutfé í KS-IcePro ehf., kt. 601117-1850.
- IceCorpo Iceland ehf.:* KS á 50% hlut í IceCorpo Iceland ehf., kt. 610314-0230.
- Norðlensk Orka ehf.:* KS á 93% hlut í Norðlenskri Orku ehf., kt. 680499-2099.
- Háaborg fjárfestingar ehf.:* KS á 77% hlut í Háaborg fjárfestingum ehf., kt. 581218-0950.
- Möðrufell ehf.:* KS á 50% hlut í Möðrufelli ehf., kt. 540513-1470.
- Feykir ehf.:* KS á allt hlutfé í Feyki ehf., kt. 580383-0179.
- Sláturhús KVH ehf.:* KS á 50% hlut í Sláturhúsi KVH ehf., kt. 590106-0970.
- Steinull hf.:* KS á 50% hlut í Steinull hf., kt. 590183-0249.
- Metro ehf. (áður M-veitingar ehf.):* KS á 50% hlut í Metro ehf., kt. 431012-0570.
- KS-IcePro ehf.:* KS á 100% hlut í KS-IcePro ehf., kt. 601117-1850.
- Íslenskar mysuafurðir ehf.:* KS á 50% hlut í Íslenskum mysuafurðum ehf., kt. 430715-1270.
- ÍSKS-BAR ehf.:* KS á 50% hlut í ÍSKS-BAR ehf., kt. 450917-2060.
- Foss distillery ehf.:* KS á 50% hlut í Foss distillery ehf., kt. 491110-0150.

Lundey fjárfestingafélag ehf.: KS á 50% hlut í Lundey fjárfestingafélagi ehf., kt. 540817-1460.

Yfirlit yfir önnur félög sem KS á minna en 50% hlut í má sjá í fylgiskjali M.

Hái klettur ehf.,
kt. 410210-1260,
Sunnuvegi 1,
104 Reykjavík

Skráður tilgangur félagsins er ráðgjafastarfsemi, kaup og sala hlutabréfa, eignarhald á hlutabréfum, kaup og sala fasteigna, lánastarfsemi og annar skyldur rekstur. Aðalstarfsemi félagsins er viðskiptaráðgjöf og önnur rekstraráðgjöf (ÍSAT nr. 70.22.0).

Félagið er í fullri eigu Árna Péturs Jónssonar, kt. 111266-3799.

Hái klettur ehf. á 50% í Metro ehf. á móti KS.

Gleðipinnar hf.,
kt. 460215-0130,
Fossaleyni 1,
112 Reykjavík

Skráður tilgangur félagsins er rekstur keiluhallar, rekstur veitingastaða, veitingasala, íþróttastarfsemi, innflutningur á vörum og þjónustu, sem og dreifing þeirra og annar skyldur rekstur, eignarhald á fjármálagerningum, hlutum, eignarhald og rekstur fasteigna, lánastarfsemi og önnur tengd starfsemi. Aðalstarfsemi félagsins er starfsemi skemmti- og þemagarða (ÍSAT nr. 93.21.0) og veitingastaðir (56100).

Fyrirtæki sem Gleðipinnar hf. hafa bein og óbein yfirræð yfir:

Gleðiheimar ehf.: Gleðipinnar hf. eiga allt hlutafé í Gleðiheimum ehf., kt. 681015-3610.

Nautafélagið ehf.: Gleðipinnar hf. eiga allt hlutafé í Nautafélaginu ehf., kt. 710709-0170.

BlackBox Pizzeria ehf.: Gleðipinnar hf. eiga 80% hlut í BlackBox Pizzeria ehf., kt. 520917-0710.

Rush Iceland ehf.: Gleðipinnar hf. eiga allt hlutafé í Rush Iceland ehf., kt. 710717-0440.

Icelandic Food Company ehf.: Gleðipinnar hf. eiga 45% hlut í Icelandic Food Company ehf., kt. 411117-0650.

TÁT ehf.: Gleðipinnar hf. eiga 49% hlut í TÁT ehf., kt. 441121-1990.

Tengiliður samrunafélaganna við Samkeppniseftirlitið verður:

KPMG Law ehf.

Jónas Rafn Tómasson, lögmaður.

Borgartúni 27

105 Reykjavík

Sími: 545-6180 / 893-8814

Netfang: jtomasson@kpmg.is

3. Upplýsingar um samrunann

3.1 Aðdragandi samrunans

[]

Kaupsamning og viðauka við hann má finna í viðauka A.

Sá samruni sem samrunaskrá þessi tekur til varðar sameiginlegt eignarhald og yferráð KS og Háa kletts ehf. á NewCo I, en tilkynnt er um samruna og sameiginleg yferráð NewCo II í annarri samrunaskrá, þ.e. yferráð yfir Rush Iceland ehf. og rekstrareininanna Keiluhöllin, sportbar Egilshöll og Shake&Pizza.

3.2 Markmið samrunans

Markmið samrunans er [].

3.3 Eðli samrunans

a) *Lögform samruna. Hvernig staðið er lögformlega að samrunanum, s.s. hvort áformaður samruni er algjör samruni að lögum og hvort aðilar ganga til samrunans óskiptir.*

Ekki er um samruna að félagarétti að ræða þar sem NewCo I verður rekið sem sjálfstætt félag í jafnri eigu KS og Háa kletts ehf. Þá er ekki gert ráð fyrir að félagaréttarlegur samruni verði milli NewCo I og Gleðipinna hf.

b) *Efnahagsleg og fjárhagsleg uppbygging hins sameinaða fyrirtækis.*

Einhverjar breytingar kunna að verða á utanumhaldi á fjármálum og bókhaldi og rekstri samrunaaðila, en félögin verða rekin aðskilin eftir sem áður.

c) *Tímamark endanlegs samruna.*

Kaupsamningur var undirritaður 27. ágúst 2022 og viðauki við hann 5. október 2022, með hefðbundnum fyrirvara um samþykki Samkeppniseftirlitsins. Endanlegur samruni mun taka gildi þá þegar Samkeppniseftirlitið hefur samþykkt samruna.

d) *Eignarhald og yferráð eftir samruna.*

NewCo I verður [] NewCo I verður móðurfélag Gleðipinna hf. Samhliða afhendingu á hinu selda verður gengið frá kaupum félags á vegum seljenda á Pítunni og Saffran, sem voru innan Gleðiheima ehf., eignarhlut í Icelandic Food Company ehf. og eignarhlut í TÁT ehf. og munu þær eignir því ekki á neinum tímapunkti vera undir yferráðum kaupenda. Á sama tíma, eða samhliða afhendingu Gleðipinna ehf. mun NewCo II kaupa eignarhlut Gleðipinna hf. í Rush Iceland ehf. Rush Iceland ehf. mun einnig kaupa rekstur Keiluhallarinnar Egilshöll, sportbar og Shake & Pizza, sem mun því ekki vera undir yferráðum kaupenda gegnum NewCo I, en eins og áður hefur komið fram munu KS og Háa klettur ehf. verða eigendur [] hlutar í NewCo II.

Eftir sölu rekstrareininga út úr Gleðipinum hf. verða þar eftir rekstrareiningarnar American style, Aktu Taktu, Hamborgarafabrikan og BlackBox.

e) *Hefur einhver samrunaaðilanna þegið opinbera fjárhagsaðstoð.*

Enginn af samrunaaðilunum hafa þegið opinbera fjárhagsaðstoð í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES samningsins um ríkisaðstoð.

3.4 Atvinnuvegir sem samruni nær til

Samruninn nær til veitinga- og skyndibitastaða. Einnig að litlu leyti til tekna af sölu á tilbúnum sósum og skyldum vörum fyrir neytendur, stórelhdús og matvælaframleiðslur. Þar sem KS rekur einnig dagvöruverslun nær samruninn jafnframt að nokkru leyti til þess háttar rekstrar. Þá rekur KS einnig vinnslu og sölu á kjötvörum og nær samruninn jafnframt að nokkru leyti til þess markaðar.

3.5 Kaupverð hins keypta eða umfang þeirra eigna sem sameinaðar eru eftir eðli samrunans

Kaupverð alls hlutafjár í félaginu Gleðipinna hf. er áætlað [].¹ Endanlegt kaupverð verður reiknað út frá uppgjöri Gleðipinna hf. m.v. 31. desember 2022, sbr. ákvæði 3.2. í kaupsamningi.

3.6 Upplýsingar um veltu samrunaaðila síðasta reikningsár

a) Velta allra aðilanna á Íslandi

Heildarvelta KS samkvæmt samstæðureikning fyrir árið 2021 var 41.434 m.kr. Heildarvelta Háa kletts ehf. á árinu 2021 var um 328 m.kr., en þar er um að ræða hlutdeilt í rekstri Metro ehf. Heildarvelta Gleðipinna hf. á árinu 2021 var 3.085 m.kr.

b) Velta allra aðilanna erlendis

KS samstæðan flytur út töluvert af framleiðsluvörum sínum og er velta félagsins erlendis []. Aðrir aðilar samrunans hafa ekki tekjur erlendis frá.

3.7 Mögulegur ávinningur samruna, samlegðaráhrif og viðskiptalegar forsendur

Ávinningur samrunans felst í aukinni hagræðingu og samlegð sem tryggir samkeppnishæfni fyrirtækjanna. Verða félögin því betur í stakk búin til samkeppni við önnur félög á markaðnum í kjölfar samrunans. Þá áætla aðilar að með samrunanum muni nást fram hagræðing í yfirstjórn, innkaupum, birgðahaldi, dreifingu og fleiru.

4. Eignarhald og yfirlit

4.1 Fyrirtæki eða einstaklingar sem ráða yfir samrunaaðilum

Kaupfélag Skagfirðinga svf., kt. 680169-5009 er félag í eigu yfir 1.500 félagsmanna. Í stjórn KS eru Bjarni Maronsson formaður, Herdís Á. Sæmundardóttir varaformaður, Örn Þórarinsson ritari, Guðrún Sighvatsdóttir, Pétur Pétursson, Sigríður Gunnarsdóttir og Þorleifur Hólmsteinsson. Varamenn eru Hjörtur Geirmundarson, Viggó Jónsson og Gunnar Þ. Gestsson. Kaupfélagsstjóri KS er Þórólfur Gíslason.

Hái klettur ehf., kt. 410210-1260, er í eigu Árna Péturs Jónssonar, kt. 111266-3799, sem á allt hlutafé.

Á undanförunum árum hefur KS komið að eftirfarandi samrunum:

- *Samruni KS sölu ehf., Esju Gæðafæðis ehf. og Gallerí Kjöts ehf. Fjallaði Samkeppniseftirlitið um samrunann, sbr. ákvörðun eftirlitsins nr. 11/2016. KS sala ehf. sameinaðist svo Kaupfélagi Skagfirðinga.*
- *Samruni FISK Seafood ehf. og Steinunnar hf. Fjallaði Samkeppniseftirlitið um samrunann sbr. ákvörðun eftirlitsins nr. 35/2021.*
- *Samruni FISK Seafood ehf. og Ölduóss ehf. Fjallaði Samkeppniseftirlitið um samrunann sbr. ákvörðun eftirlitsins nr. 35/2021.*
- *Samruni Kaupfélags Skagfirðinga svf. á M-veitingum ehf., sbr. ákvörðun eftirlitsins nr. 1/2021.*
- *Samruni Kaupfélags Skagfirðinga svf. og Gunnars ehf. – enn til meðferðar hjá eftirlitinu.*

Á undanförunum árum hafa Gleðipinnar hf. komið að eftirfarandi samrunum:

- *Samruni FoodCo hf. og Gleðipinna ehf., sbr. ákvörðun eftirlitsins nr. 4/2020.*

¹ Trúnaðarmál.

4.2 Öll fyrirtæki sem stunda viðskipti á markaði þar sem áhrifa gætir og eru með beinum eða óbeinum hætti undir yfirráðum samrunaaðila eða annarra fyrirtækja sem tilgreind eru í gr. 4.1, taka fram hverskonar yfirráð er um að ræða, bein, með samningi eða annað.

a) Fyrirtæki sem eru undir yfirráðum samrunaaðila

Yfirlit yfir dóttur- og hlutdeildarfélög KS má sjá í kafla 2 hér að framan og í fylgiskjali M.

Dótturfélög Gleðipinna hf. eru Gleðiheimar ehf., Nautafélagið ehf. BlackBox Pizzeria ehf. og Rush Iceland ehf., en hluti af einingum Gleðipinna hf. verður selt út áður en samruni kemur til framkvæmda, svo sem lýst hefur verið hér framar.

b) Þau félög sem helst kann að koma til greina að stundi viðskipti á markaði þar sem áhrifa gætir eru og eru með beinum eða óbeinum hætti undir yfirráðum samrunaaðila eða annarra fyrirtækja sem tilgreind eru í gr. 4.1. eru eftirfarandi:

Félagið Metro ehf. sem er í jafnri eigu KS og Háa kletts ehf. fellur hér undir, en tilgangur félagsins er m.a. rekstur veitingastaða. Gleðipinnar hf. og dótturfélög reka nokkra veitingastaði.

KS hyggst kaupa Gunnars ehf., en sá samruni er til umfjöllunar hjá Samkeppniseftirlitinu um þessar mundir, en tilgangur þess félags er framleiðsla á majonesi, sósum, salötum, samlokum og ýmis konar matvælaframleiðsla, innflutningur og smásala. Innan samstæðu KS er félagið Vogabær ehf. sem selur ýmsar tegundir sósa framleiddar af KS. Dótturfélag Gleðipinna hf., Nautafélagið ehf., á vörumerkið Hamborgarafabrikkann, en undir þeim merkjum eru framleiddar sósur af þriðja aðila sem greiðir vörumerkjapóknun fyrir. Velta vegna þess er óveruleg, og var á árinu 2021 um [] m.kr. Sömu sögu er að segja af vörumerkinu Shake&Pizza, sem KS og Háa klettur ehf. munu hafa óbein []% yfirráð yfir, innheimtast vörumerkjapóknunir vegna sölu kaldra sósa. Velta vegna þess er óveruleg og var á árinu 2021 um kr. [] kr.

4.3 Formlegt og óformlegt viðskiptalegt samstarf sem aðilar að samruna kunna að eiga í við fyrirtæki sem starfa á sama eða tengdum markaði, ásamt afriti af öllum samningum og öðrum gögnum sem kunna að tengjast þessu samstarfi

Ekki er um að ræða annað formlegt né óformlegt viðskiptalegt samstarf samrunaaðila við önnur fyrirtæki sem starfa á sama markaði og samrunaaðilar eða tengdum mörkuðum, að undanskildum samningum aðila við birgja. KS hefur með höndum framleiðslu matvæla og er birgi fyrir marga aðila á matvörumarkaði og markaði fyrir veitinga- og skyndibitastaði. Almennu eru ekki gerðir skriflegir samningar um vörukaup.

5. Persónuleg og fjárhagsleg tengsl og fyrri yfirtökur

5.1 Fyrirtæki með starfsemi á mörkuðum þar sem áhrifa gætir þar sem fyrirtækin, eða einstaklingar í fyrirtækjahópum ráða ein eða í sameiningu yfir a.m.k. 10% atkvæðisréttar, útgefins hlutafjár eða annarra verðbréfa.

KS og Háa klettur ehf. eiga Metro ehf. sem tvo veitingastaði. Gleðipinnar hf. munu eftir samruna reka veitingastaðina Aktu Taktu, American Style, Íslensku Hamborgarafabrikkuna og Blackbox.

KS á svo Vogabæ ehf. sem selur sósur og skrifaði þann 29. júní 2022 undir kaupsamning með fyrirvara um samþykki Samkeppniseftirlitsins á öllu hlutafé í Gunnars ehf. Dótturfélag Gleðipinna hf., Nautafélagið ehf., á vörumerkið Hamborgarafabrikkann, en undir þeim merkjum eru framleiddar sósur af þriðja aðila sem greiðir vörumerkjapóknun fyrir.

Ekki er um nein önnur félög að ræða í þessu sambandi sem hafa starfsemi á mörkuðum þar sem áhrifa samrunans gætir. Eigandi Háa kletts ehf. á ekki hlut í öðrum félögum sem stunda viðskipti á markaði þar sem áhrifa gætir eða skyldum mörkuðum.

5.2 Tengsl stjórnarmanna samrunaaðila við önnur fyrirtæki sem reka starfsemi á mörkuðum þar sem áhrifa gætir. Tilgreina, fyrir hvert fyrirtæki um sig, þá sem sitja í stjórn (framkvæmdastjórn eða félagsstjórn) og eiga sæti í stjórn annars fyrirtækis sem rekur starfsemi á mörkuðum þar sem áhrifa gætir.

Stjórnarmenn samrunaaðila sitja ekki í stjórn annarra fyrirtækja utan viðkomandi fyrirtækjasamstæðu sem starfa á mörkuðum þar sem áhrifa gætir eða skyldum mörkuðum. Sjá má skrá yfir stjórnarsetu stjórnarmanna samrunaaðila í öðrum félögum í fylgiskjöllum J,K og L.

5.3 Upplýsingar um yfirtöku ofangreindra fyrirtækjahópa (4. kafli) á síðustu þremur árum á fyrirtækjum sem stunda viðskipti á mörkuðum þar sem áhrifa gætir.

KS yfirtók á árinu 2020 M-veitinar ehf. (Nú Metro ehf.), sbr. úrskurð eftirlitsins í máli nr. 1/2021. Núverandi eigendur Gleðipinna hf. sameinuðu rekstrareiningar sínar á árinu 2020 sbr. úrskurð eftirlitsins í máli nr. 4/2020.

6. Skilgreiningar á mörkuðum

6.1 Viðkomandi vörumarkaðir

Helstu markaðir sem KS og félög í eigu þess starfa á eru sjávarútvegur, kjötframleiðsla, mjólkurframleiðsla, fódurframleiðsla, verslunarrekstur, rekstur bíla- og vélaverkstæðis, ásamt vöruflutningum. Er þar í meginatriðum um að ræða markaði þar sem áhrifa samrunans gætir ekki sbr. ákvæði 6.3 í viðauka I við reglur um tilkynningu samruna. Í reglunum segir að markaður þar sem áhrifa gætir uppfylli annað af tvennu:

- „a. ef tvö eða fleiri fyrirtæki sem að samruna standa stunda viðskipti á sama vörumarkaði,
- b. ef eitt eða fleiri fyrirtæki sem að samruna standa stunda viðskipti á vörumarkaði, sem er á fyrra eða seinna sölustigi miðað við markað þar sem annar aðili samrunans stundar viðskipti.“

Dótturfélög Gleðipinna hf. halda úti nokkrum veitingastöðum, t.d. Aktu Taktu, American Style, BlackBox og Íslensku Hamborgarafabrickunni. Einnig eru þar fleiri veitingastaðir, þ.e. Pítan og Saffran en þeir munu ekki fylgja með í þeim kaupum sem samrunatilkynning þessi fjallar um, þar sem seljendur munu kaupa þá samhliða afhendingu hins selda til kaupanda, sbr. fyrri umfjöllun. KS og Háí klettur ehf. eiga félagið Metro ehf. sem heldur úti veitingastöðunum Metro. Þá munu rekstrareiningarnar Rush Iceland ehf., Shake & Pizza og Keiluhöllin Egilshöll, sportbar verða seld til NewCo II, gangi samruni þessi eftir, sbr. fyrri umfjöllun.

Undir merkjum Hamborgarafabrickunnar eru af þriðja aðila framleiddar kaldar sósur sem seldar eru til dagvöruverslana og ýmissa aðila til frekari framleiðslu. Innan samstæðu KS er það félagið Vogabær ehf. sem selur meðal annars kaldar sósur og einnig félagið Gunnars ehf., en kaup KS á því félagi eru nú til umfjöllunar hjá Samkeppniseftirlitinu og má efnislega vísa til þeirra upplýsinga sem þarf hafa verið lagðar fram varðandi markaðinn.

KS starfrækir dagvöruverslanir í Skagafirði. Hefur Samkeppniseftirlitið skilgreint sérstakan markað fyrir dagvöruverslanir og er hér um að ræða markað sem er lóðrétt tengdur framleiðslu á köldum sósum þar sem hluti sölu á köldum sósum á sér stað í dagvöruverslunum. Er um að ræða markað á öðru sölustigi við þann sem Vogabær ehf. og Gunnars ehf. starfa á. Nautafélagið ehf. stundar hins vegar engin viðskipti við dagvörumarkað. Þeir þriðju aðilar sem framleiða sósur undir vörumerkinu Hamborgarafabrickan 2010 selja beint inn á dagvörumarkað án aðkomu Nautafélagsins ehf. Nautafélagið ehf. hefur engar aðrar tekjur en vörumerkjatekjur vegna kaldra sósa. Samrunaaðilar telja því ekki þörf á að fjalla frekar um dagvörumarkaðinn í samrunatilkynningu þessari, enda áhrif á hann hverfandi.

KS á allt hlutafé í Esju gæðafæði ehf. sem rekur alhliða kjötvinnslu og framleiðir m.a. matvæli í neytendapakningar. Esja gæðafæði ehf. hefur selt hamborgara til Aktu Taktu. Ekki er þó gert ráð fyrir að viðskipti milli félaganna aukist eftir samrunann. Ekki er talið að markaðshlutdeild Esju gæðafæði ehf. muni styrkjast við fyrirhugaðan samruna og samkeppni ekki verða raskað á þessum markaði.

Verður mörkuðum þar sem áhrifa samrunans gætir lýst nánar hér á eftir. Loks verður vikið stuttlega að þeim mörkuðum þar sem áhrifa gætir ekki en einnig er vísað til fylgigagna samrunatilkynningar þessarar.

1. Veitinga- og skyndibitastaðir

Metro ehf. rekur tvo skyndibitastaði undir vörumerkinu Metro. Skyndibitastaðirnir leggja áherslu á sölu hamburgara og tilheyrandi meðlæti. Samrunaaðilum þykir rétt að skilgreina markaðinn þar sem áhrifa gætir sem markað fyrir veitinga- og skyndibitastaði en ekki þykir ástæða til að þrengja skilgreininguna á markaðnum frekar, enda hefur slíkt ekki verið gert í fyrri ákvörðunum SKE², þó þannig að í umfjölluninni hér á eftir verður vísað til Fast-Food og Casual Dining.

Gleðipinnar hf. staðsetja sig fyrst og fremst á Fast-Food og Casual Dining hluta veitingamarkaðarins. Fast-Food markaðurinn einkennist af svokölluðum take-away þar sem þjónustustig er einfalt. Á Casual Dining hluta markaðarins er þjónustustig hærra og algengt að viðskiptavinir setjist niður og borði á staðnum. Þar er ýmist þjónað til borðs eða pöntun tekin við afgreiðslu. Þróunin hefur verið í átt að aukinni take-away veltu á Casual Dining veitingastöðum, en heimsfaraldurinn ýtti við þeirri þróun. Pantanaþjónusta bæði Fast-Food og Casual Dining markaðarins hefur einkennst af aukinni sjálfvirknivæðingu og stafrænum lausnum í þjónustu.

Í lið nr. 11 í niðurstöðu/úrskurði SKE þann 19. janúar 2021, varðandi kaup Kaupfélags Skagfirðinga svf. á M-veitingum ehf. (nú Metro ehf.) segir.

„Velta M-veitinga árið 2019 hafi numið rúmlega 400 milljónum króna. Heildarvelta allra veitinga- og skyndibitastaða á Íslandi sem skráðir séu í atvinnugreinaflokk ÍSAT nr. 561 hafi numið um 80-90 milljörðum króna árið 2018, sbr. ákvörðun eftirlitsins nr. 4/2020. Sé eingöngu litið til aðila sem höfðu að lágmarki 200 milljóna króna veltu árið 2018 og störfuðu á höfuðborgarsvæðinu sé heildarveltan 40-45 milljarðar króna. Markaðshlutdeild M-veitinga sé því óveruleg, sama hvaða mælikvarði sé notaður.“

Samrunaaðilar telja að þessi markaðsskilgreining geti vel átt við um þann samruna sem hér er til umfjöllunar. Aðilar telja þó að markaðurinn hafi stækkað síðan 2019 m.a. með tilkomu Mathalla, fjölgun ferðamanna eftir Covid-19 o.fl. Út frá því sé hægt að áætla að markaðurinn sé a.m.k. (varlega áætlað) 47³ ma kr. að stærð, sjá nánari umfjöllun í kafla 7.1. Ef miðað er við að heildarmarkaðurinn sé 47 ma. kr. þá má ætla að markaðshlutdeild NewCo I og að meðtalinni veltu Metro ehf. sé um []%, eftir sölu eininga úr samstæðu Gleðipinna hf.

Samrunaaðilar telja að samruninn muni hvorki raska samkeppni né hafa skaðleg áhrif á neytendur. Markaðsráðandi staða verður ekki til á skilgreindum mörkuðum málsins við samrunann og samþjöppun er óveruleg. Þá telja samrunaaðilar að samruninn verði ekki til þess að samkeppni á markaði raskist að öðru leyti með umtalsverðum hætti í skilningi 17. gr. c samkeppnislaga. Því telja samrunaaðilar að ekki séu fyrir hendi lagaskilyrði til íhlutunar við samrunann.

Samkvæmt upplýsingum úr ákvörðun SKE í máli nr. 4/2020 var heildarvelta allra veitinga- og skyndibitastaða á Íslandi (þ.e. aðila sem skráðir eru í atvinnugreinaflokk ÍSAT 561) um 80-90 ma. kr. árið 2018 og voru alls 600 rekstraraðilar skráðir í flokkinn. Í sömu ákvörðun SKE kom einnig fram að sé einungis horft til þeirra aðila innan ÍSAT 561 atvinnugreinaflokksins sem höfðu að lágmarki 200 m. kr. veltu árið 2018 og starfa á höfuðborgarsvæðinu er heildarveltan um 40-45 ma. kr. Þessi staða passar

² Til dæmis í ákvörðunum SKE í málum nr. 35/2011, 4/2020, 5/2015 og 20/2016.

³ Við gerð samrunaskrá var send fyrirspurn til Skattsins, þar sem óskað var eftir upplýsingum um fjárhæðir og veltu ársins 2021 í nánar tilgreindum flokkum (ÍSAT atvinnugreinanúmer 561), en embættið hefur ekki svarað spurningunum þrátt fyrir ítrekanir.

ágætlega við greiningu samrunaaðila, þar sem þeirra varfærna mat er að stærð markaðarins sé varlega áætluð a.m.k. 47 ma. kr. árið 2021, sjá nánar í kafla 7.1.

Framboð á markaði fyrir veitinga- og skyndibitastaði á höfuðborgarsvæðinu er töluvert mikið og sennilega vaxandi. Fjölmargin rekstraraðilar starfa á markaðnum og nýir koma inn á hverju ári. Margir þeirra bjóða upp á sambærilegar veitingar og boðið er upp á hjá veitingastöðum samrunaaðila.

Ekki er um að ræða aðgangshindranir inn á markað veitinga- eða skyndibita umfram það sem almennt gengur og gerist í atvinnurekstri. Þeir sem vilja hefja rekstur þurfa húsnæði og þurfa auk þess að uppfylla skilyrði m.a. heilbrigðisfirvalda o.s.frv. og hafa aðgang að vinnuafli.

Mikil eftirspurnarstaðgang er á markaðnum, neytendur hafa almennt milli mjög margra veitingastaða að velja og geta auðveldlega fundið veitingastaði sem bjóða upp á sambærilega vöru og finna má hjá þeim veitingastöðum sem um ræðir hér. Ekki verður séð að eftirspurn á mörkuðum málsins muni breytast við samruna þennan.

2. Tilbúnaðar kaldar sósar

Samkeppniseftirlitið fjallaði um kaup KS á Vogabæ ehf. í ákvörðun nr. 39/2009. Til meðferðar hjá Samkeppniseftirlitinu eru svo kaup KS á Gunnars ehf. Um markaðinn fyrir tilbúnaðar kaldar sósar vísast til þess sem fram kemur í samrunatilkynningu þar.

Nautafélagið á vörumerkið Hamborgarafabrikkann 2010. Undir því vörumerki eru framleiddar kaldar sósar af þriðja aðila, Nautafélagið ehf. framleiðir hins vegar engar sósar sjálfst og hefur enga aðkomu að sölu þeirra vara sem framleiddar eru undir vörumerkinu.

Það er ýmsum annmörkum háð að meta af nákvæmni markaðshlutdeild í sósun en vísast um það nánar til umfjöllunar í kafla 7.

3. Vinnsla og sala á ferskum kjötvörum og vinnsla og sala á unnum kjötvörum

Í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 11/2016, *Samruni KS sölu ehf., Esju Gæðafæðis ehf. og Gallerí Kjöts ehf.* var það niðurstaða eftirlitsins að viðkomandi markaður væru annars vegar vinnsla og sala á ferskum kjötvörum og hins vegar vinnsla og sala á unnum kjötvörum.

Telja samrunaaðilar rök ekki standa til þess að skilgreina markaðinn með öðrum hætti í máli þessu.

6.2 Viðkomandi landfræðilegir markaðir

Til landfræðilegs markaðar telst svæðið þar sem viðkomandi fyrirtæki eru viðriðin framboð eftir viðkomandi vöru eða þjónustu, þar sem samkeppnisskilyrði eru nægilega lík og sem unnt er að greina frá nærliggjandi svæðum, sbr. 2 lið VI kafla viðauka 1 við reglur um tilkynningu samruna nr. 1390/2020

1. Veitinga- og skyndibitastaðir

Metro ehf. rekur tvo veitinga- og skyndibitastaði, einn í Kópavogi og annan í Reykjavík. Aktu Taktu rekur fjóra veitingastaði, þrjá í Reykjavík og einn í Garðabæ. Nautafélagið ehf., undir merkjum Hamborgarafabrikkunnar, rekur tvo veitingastaði í Reykjavík. Þriðji staðurinn sem er rekinn undir merkjum Hamborgarafabrikkunnar er á Akureyri, en sá staður er ótengdur nema að því leyti að rekstraraðili hans nýtir vörumerkið samkvæmt sérleyfissamningi. Gleðiheimar ehf., undir merkjum American Style, rekur fjóra veitingastaði, tvo í Reykjavík, einn í Kópavogi og einn í Hafnarfirði. BlackBox Pizzeria ehf. rekur einn veitingastað í Reykjavík.

Er því óhætt að fullyrða að landfræðilega markaðinn sem samrunaaðilar starfa á megi afmarka við höfuðborgarsvæðið.

2. Tilbúnaðar kaldar sósar

Samkeppniseftirlitið hefur fjallað um heildsölumarkaði í ákvörðunum sínum. Telja samrunaaðilar ástæðu til þess að líta til þess sem þar segir við skilgreiningu landfræðilegra markaða. Þannig segir í 73.

efnisgrein ákvörðunar nr. 36/2021 *Samruni ÍSAM ehf., Ó. Johnson & Kaaber ehf. og Sælkeradreifingar ehf.*:

„Hvað varðar landfræðilega afmörkun aðfangamarkaða eða þá markaði þar sem innlendir birgjar, hvort heldur sem um er að ræða innlenda framleiðendur eða innflytjendur, þá hafa þeir alla jafna verið skilgreindir landsmarkaðir enda hafa dreifingaraðilar að öllu jöfnu selt vörur sínar alls staðar á landinu.“

Í málinu er sleginn varnagli við niðurstöðuna þar sem málsatvik í einstökum málum kynnu að leiða til annarrar niðurstöðu. Að mati samrunaaðila á slíkt ekki við hér þar sem KS og keppinautar þess eru viðriðnir framboð á landinu öllu.

3. *Vinnsla og sala á ferskum kjötvörum og vinnsla og sala á unnum kjötvörum*

Það er mat samrunaaðila að á mörkuðunum vinnsla og sala á ferskum kjötvörum og vinnsla og sala á unnum kjötvörum sé landfræðilegur markaður landið allt.

6.3 **Markaðir þar sem áhrifa gætir**

Með viðkomandi vörumarkaði er átt við markað fyrir allar vörur og þjónustu sem neytendur líta á sem staðgönguvörur eða staðgönguþjónustu vegna eiginleika sinna, verðs og áformaðrar notkunar.⁴ Markaðinn í máli þessu má því að mati samrunaaðila skilgreina út frá eftirspurnarlið hans, en ýmis fordæmi eru fyrir þeirri nálgun í samkeppnisrétti og má þar sem dæmi nefna mál SKE nr. 11/2015⁵ og úrskurð áfrýjunarnefndar samkeppnismála nr. 3/2008.

6.4 **Markaðir sem eru skyldir þeim mörkuðum þar sem áhrifa gætir**

Engin sérstök tengsl eru á milli framleiðslustarfsemi KS og framleiðslu á köldum sósum. KS framleiðir hins vegar kjöt og osta og er þar um að ræða markaði sem eru skyldir dagvörumarkaði. Segja mætti að eftirfarandi markaðir séu skyldir dagvörumarkaði:

- *Markaður fyrir mjólkurvinnslu – mjólkursamlag. KS rekur eitt mjólkursamlag á Sauðárkróki. Tekur mjólkursamlagið á móti mjólk frá kúabændum í Skagafirði auk þess að kaupa hrámjólk af Auðhumlu og vinnur úr mjólkinni osta og fleira sem Mjólkursamsalan selur. Í samlaginu eru framleiddir brauðostar, ferskur mozzarella, rifostur, smjör og smjörvi.*
- *Markaður fyrir sölu á kjöti og kjötafurðum. KS rekur sláturhús og kjötvinnslur og framleiðir kjöt sem selt er til dagvöruverslana og stóreldhúsa og þar með talið veitingastaða.*

6.5 **Markaðir þar sem áhrifa gætir ekki**

KS starfar einnig á eftirtöldum mörkuðum:

- *Markaður fyrir byggingar- og rekstarvörur fyrir bændur, en hér er um að ræða sölu á vörum eins og timbri, verkfærum o.s.frv. Ein starfsstöð og verslun er á Sauðárkróki. Að auki eru verslanir undir merkjum Fóðurblöndunnar á Egilsstöðum, Hvolsvelli, Selfossi og Akureyri aðallega með rekstrarvörur fyrir bændur. Verslanirnar eru með innan við 5% markaðshlutdeild á landsvísu.*
- *Markaður fyrir bifreiðaviðgerðir. KS rekur eitt bifreiðaverkstæði á Sauðárkróki. Markaðshlutdeild á landsvísu er innan við 5%.*
- *Markaður fyrir vélaviðgerðir. KS rekur eitt vélaverksæði á Sauðárkróki. Markaðshlutdeild á landsvísu er innan við 5%.*

⁴ 1. gr. VI. kafla reglna nr. 1390/2020, um tilkynningu og meðferð í samrunamálum.

⁵ Í málinu var vísað til úrskurðar áfrýjunarnefndar samkeppnismála nr. 19/2002, þar sem talið var að sá vörumarkaður sem Byko og Húsasmiðjan störfuðu á væri sala á alhliða byggingarvörum, og því markaður í málinu byggingarvöruverslanir. Markaður málsins var þannig skilgreindur út frá eftirspurnarlið og eðli vöruframboðs málsaðila.

- *FISK-Seafood ehf. er útgerðarfélag sem einnig stundar fiskvinnslu. Samkvæmt lista Fiskistofu yfir kvótastöðu stærstu útgerða landsins fer FISK-Seafood með rúm 5% af aflahlutdeildum í íslenskum nytjastofnum m.v. þorskígildistonn.*
- *Markaður fyrir fóður og áburð. KS á Fóðurlöndun og fóðurfélagið sem hvort um sig selur fóður.*
- *Markaðurinn fyrir landflutninga á Íslandi. Þriðja stærsta fyrirtæki landsins á sviði landflutninga, Vörumiðlun, er í eigu KS. Er félagið umtalsvert minna en stærstu keppinautar þess, Eimskip og Samskip.*
- *Markaðurinn fyrir prentþjónustu. KS á Nýprent sem prentar ýmis konar efni fyrir ýmsa aðila. Á meðal þess helsta sem Nýprent hefur prentað á undanförunum árum er Feykir og Sjónarhorn. Er töluverð samkeppni á þessum markaði og hlutdeild Nýprents því líklega óveruleg.*
- *Markaðurinn fyrir innréttingasmíði. Trésmiðjan sem KS á framleiðir fyrst og fremst innréttingar. Er þær seldar um allt land. Er verkstæðið lítið og markaðshlutdeild þess á landsvísu óveruleg.*

Tekið skal fram að KS á eignarhluti í ýmsum félögum svo sem sjá má á yfirlitsmyndinni á fylgiskjali M. Sum félaganna eru í tilrauna- eða rannsóknarstarfsemi eða starfa í þannig tengslum við önnur félög innan samstæðunnar að óþarfi er að gera grein fyrir starfsemi þeirra með sjálfstæðum hætti. Sé óskað nánari upplýsinga um starfsemi einstakra dótturfélaga KS mun KS veita þær góðfúslega.

Þá fer KS með yferráð yfir tilteknum félögum í samstarfi við aðra:

- *Byko, Húsasmiðjan og KS fara með sameiginleg yferráð yfir Steinnull sbr. ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 19/2002. Er KS eigandi helming hlutafjár í félaginu en félögin fara með yferráð í sameiningu á grundvelli hluthafasamkomulags.*

Áhrifa samrunans gætir ekki á framangreindum mörkuðum.

7. Upplýsingar um markaði þar sem áhrifa gætir

7.1 Áætlaða heildarstærð markaðarins í fjárhæðum, tekjur, söluverð eða magn. Útskýra forsendur þessara útreikninga og leggja fram skjöl til staðfestingar þeim ef tók eru á

1. Veitinga- og skyndibitastaðir

Samkvæmt upplýsingum úr ákvörðun SKE í máli nr. 4/2020 var heildarvelta allra veitinga- og skyndibitastaða á Íslandi (þ.e. aðila sem skráðir eru í atvinnugreinaflokk ÍSAT 561) um 80-90 ma. kr. árið 2018 og voru alls 600 rekstraraðilar skráðir í þann atvinnugreinaflokk.⁶ Svo virðist sem þeim hafi fjölgað m.v. upplýsingar vegna ársins 2019 frá Hagstofu Íslands.

Fjöldi fyrirtækja og rekstrarupplýsingar 2019

Í veitingasölu og -þjónustu (ÍSAT nr. 56)	883
---	-----

Byggt á framangreindu má sjá að nokkur hundruð veitingastaðir eru starfræktir á höfuðborgarsvæðinu. Í töflunni að neðan er reynt að varpa ljósi á þann hluta markaðarins sem fellur undir Fast-Food og Casual Dining. Skilin þar á milli eru óljós en mikil samkeppni er á milli þeirra. Dæmi um það er t.d. Tokyo sushi, þar er hægt að setjast niður og borða inni en á sama tíma er mjög stórt hlutfall sölnunnar take-away. Þá er ljóst að margir staðir falla undir skilgreininguna á Casual Dining s.s. Grillhúsið, Hard Rock,

⁶ Samrunaaðilar sendu fyrirspurn til Skattsins og óskuðu eftir uppfærðum upplýsingum um þetta en þær höfðu ekki borist við gerð samrunatilkynningar þessarar.

Salatbarinn, Múlakaffi veitingar, Askur, TGI Friday's o.s.frv. Þetta eru allt samkeppnisaðilar og staðgöngustaðir fyrir veitingastaði sem fjallað er um í tilkynningu þessari. Sem dæmi þá bjóða allir þessir staða uppá hádegisboð og að taka matinn með sér.

Í töflunni hér fyrir neðan eru veltutölur teknar úr ársreikningum 45 handahófs valinna fyrirtækja sem starfa á markaði með veitinga- og skyndibitastaði fyrir árið 2020 og fyrir árið 2021 hjá þeim sem eru búnir að skila inn ársreikningum fyrir það ár. Í flestum tilvikum þar sem 2021 veltutölur lágu fyrir, er um töluverða veltuaukningu að ræða milli ára. Líklegt er að þar séu áhrifin af Covid takmörkunum að ganga til baka auk fjölgunar ferðamanna. Þá má líklegast merkja aukningu fólks viðskiptum við veitingastaði, t.d. í hádeginu m.a. með tilkomu mathalla. Árið 2021 voru ennþá takmarkanir í þjóðfélaginu vegna Covid smita. Líklegt verður því að teljast að markaðurinn sé stærrí en fram kemur í veltutölum fyrir árið 2021. Skáletruðu staðirnir eru þeir sem munu tilheyra NewCo I eftir fyrirhugaðan samruna en undirstikaði staðurinn mun tilheyra NewCo II.

Nr. Fyrirtæki	Kennitala	Velta 2020 í m. kr.	Velta 2021 í m. kr.	Aukning í %
1 Dominos (pizza-pizza)	480293-2669	5.237	5.691	8,7%
2 KFC	540198-3149	3.599	4.078	13,3%
3 Stjarnan ehf. / Subway	410949-0169	1.495	1.719	15,0%
4 Múlakaffi	660772-0229	1.096	1.495	36,4%
5 Pizzan ehf.	681016-1200	1.049	1.367	30,3%
6 Tokyo veitingar (sushi)	670710-0920	1.209	1.565	29,4%
7 SÍ hf. (Serrano)	411002-2840	800	906	13,3%
8 Joe Ísl. (Joe & the Juice)	520613-1450	531	810	52,5%
9 Local	540313-1990	480	511	6,5%
10 Gló Veitingar ehf.	700608-0500	237	144	-39,2%
11 Hraðlestin (Austur indía fél.)	520503-3230	445	594	33,5%
12 Halal ehf. (Mandí)	490911-1540	424	-	
13 Rvk. Napolí (Flatey pizza)	530317-0990	398	482	21,1%
14 <i>American style</i>	<i>Glaðheimar</i>	<i>[]</i>	<i>[]</i>	<i>[]%</i>
15 <i>Aktu Taktu</i>	<i>Glaðheimar</i>	<i>[]</i>	<i>[]</i>	<i>[]%</i>
16 <i>Hamborgarafabrikkan</i>	<i>Nautafélagið</i>	<i>406</i>	<i>494</i>	<i>21,7%</i>
17 <u>Shake & Pizza</u>	<u>Gleðipinnar</u>	<u>[]</u>	<u>[]</u>	<u>[]%</u>
18 <i>Blackbox</i>	<i>BlackBox Pizzeria</i>	<i>174</i>	<i>186</i>	<i>6,9%</i>
19 Pítan	Glaðheimar	[]	[]	[]%

20	Saffran	Glaðheimar	[]	[]	[]%
21	Hlöllabátar	420318-0300	648	715	10,3%
22	Metro	431012-0570	496	676	36,3%
23	Nings	680406-3160	534	616	15,4%
24	Grillhús Guðmundar (Grillhúsið ehf.)	510702-2470	414	493	19,1%
25	Flatey	530317-0990	401	487	21,4%
26	Oshushi (KOGT ehf.)	670905-1280	192	251	30,7%
27	HRC ehf., (Hard Rock Cafe)	441215-0610	236	282	19,5%
28	HRGT (Hamb.búllan Geirsgötu)	520905-1290	169	250	47,9%
29	Hamborgarabúllan ehf.	700305-0660	262	290	10,7%
30	XO Food	440315-2830	217	280	29,0%
31	Hipstur	661118-0240	99	104	5,1%
32	BK Kjúklingur	501103-2090	105	118	12,4%
33	Rossopomodoro	610306-0120	75	156	108,0%
34	Gastropub ehf. (public house)	700115-0460	149	251	68,5%
35	WokOn	480518-1440	248	285	14,9%
36	Lemon	611112-1140	365	475	30,1%
37	Craft burger kitchen	540818-0880	84	105	25,0%
38	Lemon Akureyri	480317-0250	134	141	5,2%
39	Yuzu burgers (ÓK2021 ehf.)	640818-0500	163	106	-35,0%
40	Plan B	680121-0360	-	106	
41	Culiacan	611119-1430	44	-	
42	Haninn	430510-1260	150	151	0,7%
43	Tasty burgers	560807-0310	88	91	3,4%
44	Fresco s48 ehf.	540420-0410	6	76	1166,7%
45	Brass ehf.	610417-0780	71		

Velta 45 handahófsvalinna
staða er samtals m.kr.

[]

[]

[]%

Í framangreindri töflu er ótalin velta margra fyrirtækja sem er umfangsmikil á markaði með veitinga- og skyndibitastaði. Má sem dæmi nefna Pure Deli, Icelandic Street Food, Reykjavik Kitchen, Café Loki, Duck & Rose, 101 Reykjavik Street Food, Krua Thai, Grái kötturinn, Hosiló, Durum Restaurant, Lóa restaurant, Selva restaurant, Skál, Ban Thai Restaurant, Pho Vietnam Restaurant, Ítalía veitingahús, Lebowski bar, Míningarðurinn, Pönk, Beef Bun, Bæjarins bestu, Pizza Hut, Askur, Salatbarinn, Smash burgers, Ísey skyr og Sbarro pizzur. Ástæðan fyrir því að þessir veitinga- og skyndibitastaðir eru ekki í framangreindri töflu er sú að annað hvort starfa veitingastaðirnir undir félagi sem ber annað nafn sem samrunaaðilum er ekki kunnugt um, eða að ársreikningar voru ekki tiltækir.

Þá er ótalin velta sem sennilega er veruleg og tengist rekstri mathalla⁷. Vinsældir þeirra hafa verið miklar og fara sennilega vaxandi. Mathallir eru mjög vinsælar hjá einstaklingu og t.d. vinnustaðahópum sem valkostur í hádeginu og einnig mikið sóttar kringum kvöldmat. Þessar mathallir eru því í raun viðbót við þá samkeppni sem fyrir er á umræddum markaði og mat samrunaaðila að það sé viðbót til stækkunar á markaði.

Framangreind upptalning veitingastaða er ekki tæmandi en það má gefa sér að í umfjöllunina vanti staði sem velta verulegum fjárhæðum. Að teknu tilliti til framangreinds er það mat samrunaaðila að markaðurinn sé a.m.k. 47 ma kr.

Sameiginleg velta samrunaaðila á veitingahúsa- og skyndibitamarkaði árið 2021 er [] m. kr. Markaðshlutdeild þeirra á markaðinum er því um []%, miðað við að markaðurinn er 47 ma. kr., þar af um []% hjá Metro ehf., sem KS og Háí klettur ehf. eiga fyrir og []% í þeim einingum sem fyrirhugað er að taka yfir. Sé tekið tillit til hlutdeildar KS og Háa kletts ehf. í veltu þeirri sem fyrirhugað er að NewCo II hafi með höndum, þá er sameiginleg velta um []%. Samþjöppun er því lítil komi samruninn til framkvæmda.

2. Kaldar sósur

Vogabær ehf. er sölufyrirtæki í eigu KS sem selur ídýfur, sósur, mjólkurvörur og safa. Köldu sósurnar eru seldar undir vörumerkinu E. Finnsson. Þar er að finna helstu gerðir af köldum sósum sem vinsælar eru hér á landi. Undir vörumerkinu „Voga“ eru seldar og framleiddar ídýfur.

Gunnars ehf. framleiðir og selur margvíslegar gerðir af köldum sósum og majonesi en ekki aðrar vörur. Þær vörur sem framleiddar eru af Gunnars ehf. eru í öllum tilvikum til í smásölu- og stóreldhúspakkingum.

Í samrunatilkynningu vegna kaupa KS á Gunnars ehf. var áætlað að sameiginleg markaðshlutdeild Vogabæjar ehf. og Gunnars ehf. væri um []% og vísast til umfjöllunar þar.

Áréttað er að Nautafélagið ehf. framleiðir hvorki né selur kaldar sósur. Nautafélagið ehf. á vörumerkið Hamborgarafabrikkann 2010 og hefur vörumerkjatekjur af því, en þriðji aðili framleiðir og selur kaldar

⁷ Margar mathallir hafa tekið til starfa á undanförunum árum og nokkrar fyrirhugaðar. Sem dæmi má nefna Mathallir á Vesturgötu, Hafnartorgi, Pósthússtræti, Hlemmi, Granda, Grósku, Borg29 og Bildshöfða.

sósur undir því vörumerki. Vörumerkjatekjur Nautafélagsins ehf. námu um [] árið 2021. Er þar bæði um að ræða vörumerkjatekjur sem tilkomnar eru vegna kaldra sósa og vegna annarrar framleiðslu og sölu undir vörumerkinu, s.s. tilbúnum hamborgurum og hamborgarabrauði. Ekki er því hægt að tala um að Nautafélagið ehf. eigi markaðshlutdeild í markaðinum fyrir framleiðslu og sölu á köldum sósum, í það minnsta ekki beina. Yrði þrátt fyrir það lítið svo á, sem ítrekað er að samrunaaðilar telja ekki rétt, er sú markaðshlutdeild [], eða um []%, miðað við forsendur í samrunatilkynningu vegna kaupa KS á Gunnars ehf.

Samþjöppun sem leiðir af fyrirhuguðum samruna sem hér er til skoðunar er því afar takmörkuð. []

4. Vinnsla og sala á ferskum kjötvörum og vinnsla og sala á unnum kjötvörum

Áhrifa samrunans gæti gætt á markaði fyrir sölu á unnum kjötvörum þar sem dótturfélög KS eru starfandi, þ.e. Esja Gæðafæði ehf., Sláturhús Hellu hf. og Sláturhús KVH ehf. Samrunaaðilar telja þó að áhrifin verði óveruleg og eina tenging yfirtekinna rekstrareininga er viðskiptasamband Esju Gæðafæðis ehf. vegna sölu hamborgara og eftir atvikum annarra kjötvara.

Samkeppniseftirlitið hefur talið að hver kjöttegund tilheyri sérstökum markaði, sjá ákvörðun Samkeppniseftirlitsins í máli nr. 11/2016. Ólíklegt er að mati samrunaaðila að markaðshlutdeild KS og dótturfélaga á sviði kjötvinnslu sé meiri en []% og í fullunnu nautakjöti er hún líklega []%. Þær tölur sem birtust í fyrrgreindri ákvörðun Samkeppniseftirlitsins gefa að mati samrunaaðila sæmilega mynd af markaðnum með unnar kjötvörur í dag.

7.2 Markaðshlutdeild í fjárhæðum, hundraðshlutum og magni hjá hverju fyrirtæki sem að samruna stendur, miðað við sömu viðmið og í 7.1⁸

i. Veitinga- og skyndibitamarkaður

Rekstrarárið 2021

Velta og markaðshlutdeild félaga innan Gleðipinna hf. (í eigu NewCo I) á markaði með veitinga- og skyndibitastaði og Metro ehf.:

NewCo I	Rekstrareining	Velta í m. kr.	Markaðshlutdeild
	Aktu taktu	[]	[]%
	American Style	[]	[]%
	Hamborgarafabrikan	[]	[]%
	Metro	[]	[]%
	Blackbox	[]	[]%
	Samtals	[]	[]%

Þá munu KS og Háí klettur ehf. eiga hlutdeild í veltu NewCo II, sem reka mun Shake & Pizza og var velta þess veitingastaðar á árinu 2021 [] m.kr, eða innan við []% af heildarmarkaði, eins og hann er áætlaður með varfærnu mati.

⁸ Allar upplýsingar hér undir er varða veltu fyrirtækjanna eru trúnaðarupplýsingar.

ii. Sósur

Um sósumarkaðinn vísast til umfjöllunar í kafla 7.1, en þar er komist að því að tenging Nautafélagsis ehf. við sósumarkað sé langt innan við 1% þess markaðar.

iii. Vinnsla og sala á unnum kjötvörum.

Velta Esju Gæðafæðis ehf. árið 2020 var 2.410 m. kr. og árið 2021 var hún 3.193 m. kr. Vísast annars til umfjöllunar í kafla 7.4. Þar sem fram kemur að í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 12/2021, um samruna Norðlenska, Kjarnafæðis og SAH afurða, var hlutdeild Kjarnafæði og Norðlenska í vinnslu og heildsölu á fersku nautakjöti til mótuneyta og veitingahúsa árið 2019 metin 25-30%. KS, Sláturhúsið Hella hf. og Esja gæðafæði ehf. var einnig með 25-30% markaðshlutdeild. Samrunaaðilar telja að þetta hafi ekki breyst.

7.3 Listi með nöfnum allra keppinauta sem starfa á markaðnum.

Erfitt er að gera tæmandi grein fyrir öllum keppinautum á markaði fyrir veitingahúsa- og skyndibitastaði. Hér að framan voru nefndir sem dæmi fjölmargir veitingastaðir sem starfa á markaði veitingahúsa- og skyndibitastaða. Ljóst þykir að mun fleiri aðilar starfa á þeim markaði og samkeppni er blómleg, sér í lagi í þeim uppgangi sem nú ríkir eftir heimsfaraldur Covid og fjölgun ferðamanna.

Erfitt er einnig að gera tæmandi grein fyrir öllum keppinautum á sósumarkaði, en að mati samrunaaðila eru helstu keppinautar á markaði fyrir tilbúnaðar kaldar sósur Kjarnavörur, Nonni litli, Matur og Mörk, Innes, 1912, ÓJK-ÍSAM og Danól.

Stærstu aðilar á markaðnum fyrir vinnslu og sölu kjötafurða eru Norðlenska matborðið, Sláturfélag Suðurlands, Kjarnafæði, Stjörnugrís, Ferskar kjötvörur og Síld og fiskur.

7.4 Áætlaða markaðshlutdeild allra keppinauta sem ráða yfir að minnsta kosti 10% af markaðnum sem er til athugunar. Leggja fram skjöl til staðfestingar og nöfn þessara keppinauta

Miðað við forsendur sem raktar hafa verið hér að framan er það mat samrunaaðila að markaðshlutdeild keppinauta þeirra á markaði fyrir veitinga- og skyndibitastaði skiptist með eftirfarandi hætti, en matið byggir á veltutölum úr ársreikningum keppinauta og að stærð markaðarins sé eins og segir í kafla 7.1. Það athugast að keppinautar samrunaaðila birta ekki sundurliðun á veltu sinni.

Félag	Hlutdeild
Pizza-pizza ehf. (Dominos)	14%
KFC ehf.	9%
Stjarnan ehf. (Subway)	4,1%
Tokyo veitingar (sushi)	3,9%

Um markaðinn fyrir kaldar sósur vísast til þess sem fram kemur í samrunatilkynningu vegna kaupa KS á Gunnars ehf.

Um markaði fyrir vinnslu og sölu á fersku kjöti og svo unnu kjöti var nýlega fjallað um í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 12/2021, samruni Norðlenska, Kjarnafæðis og SAH afurða. Þar kemur fram að hvert þessara vinnslu- og/eða sölusviða skiptist síðan í vörumarkaði eftir dýra- og kjöttegundum og einnig eftir söluleiðum, þ.e. annars vegar sölu til matvöruverslana og hins vegar mótuneyta og veitingahúsa. Þar var hlutdeild Kjarnafæði hf. og Norðlenska ehf. í vinnslu og heildsölu á fersku nautakjöti til mótuneyta og veitingahúsa árið 2019 metin 25-30%. KS, Sláturhúsið Hella hf. og Esja gæðafæði ehf. var einnig með 25-30% markaðshlutdeild. Samrunaaðilar telja að þetta hafi ekki breyst.

7.5 Mat á heildarverðmæti og heildarmagni og uppruna innflutnings þar sem tilgreina skal:

a) Hlutdeild þeirra fyrirtækjahópa, sem samrunaaðilar tilheyra, í slíkum innflutningi

Sá markaður sem hér er helst til skoðunar er helst markaður fyrir veitinga- og skyndibitastaði. Aðföng veitinga- og skyndibitastaða felst helst í hráefni til matseldar. Það er mat samrunaaðila að flestir veitingastaðir nýti innlenda birgja til öflunar hráefnis, en þó þekkjast dæmi þess að veitinga- og skyndibitastaðir stundi innflutning í eigin reikning.

Á þessum markaði er bæði notast við hráefni sem framleitt er hér á landi sem og innflutt, grænmeti, kjötmeti, brauðvörur o.fl. Samrunaaðilar treysta sér ekki til að leggja mat á það með hvaða hætti hráefniskaup skiptast m.t.t. þess hvort um er að ræða innlendar vörur eða innfluttar, né með hvaða hætti stóreldhúsamarkaður skiptist milli annars vegar veitingastaða og hins vegar annarra aðila á þeim markaði. Það er þó ljóst að umfang innfluttrar vöru hefur aukist síðastliðin ár, kjötinnflutningur hefur aukist, innflutningur forbakaðs brauðmetis hefur einnig aukist mikið og mjög virk samkeppni virðist vera meðal birgja. Sama má segja um þær drykkjarvörur sem eru á boðstólnum á matsölustöðum, bæði hvað varðar áfenga sem óáfenga drykki, mikil samkeppni er meðal birgja slíkra vara og bæði er um að ræða innflutta drykki sem og framleidda hér á landi.

b) Mat á áhrifum kvóta tolla eða annarra viðskiptahindrana en tolla á þennan innflutning

Almennt eru engar hömlur, svo sem kvótar eða tollgjöld, á innflutningi á vörum sem tilheyra markaði þar sem áhrifa gætir eða skyldum mörkuðum. Af áfengisinnflutningi reiknast áfengisgjald. Innflutningur á fersku og ófrosnu kjöti sætir takmörkunum að einhverju leyti.

c) Mat á áhrifum flutningskostnaðar og annars kostnaðar á þennan innflutning

Áhrif flutningskostnaðar á innfluttar vörur hefur ekki teljandi áhrif að mati samrunaaðila.

d) Upplýsingar og forsendur sem framangreint mat byggir á

Framangreint byggir á mati samrunaaðila um heildarstærð markaðarins með skoðun á ársreikningum annarra aðila á markaði og uppruna þeirra vara og hráefnis sem nýtt er í starfsemi þeirra.

7.6 Hvernig fyrirtæki sem að samruna standa framleiða og selja vöru og þjónustu; til dæmis hvort framleiðsla/þjónusta er staðbundin eða hvort sala fer fram um staðbundin dreifikerfi

Sala samrunaaðila á veitingahúsum fer nánast eingöngu fram á þeim stöðum sem bjóða veitingar og aðra þjónustu. Ekki er hægt að tala um sérstök dreifikerfi önnur er þegar tilbúin matvæli eru send heim með heimsendingarþjónustum. Varðandi markað fyrir kjöt og kjötvörur þá er framleiðsla þeirra staðbundin, en flutningur og dreifing fer að töluverðu leyti fram með eigin flutningatækjum, en einnig töluverð með aðkeyptri þjónustu.

7.7 Samanburð á verði sem aðilar samrunans bjóða á Íslandi og í öðrum ríkjum

Samrunaaðilar selja hvorki vörur erlendis né veita þjónustu utan Íslands á þeim mörkuðum sem áhrifa samruna þessa gætir.

7.8 Eðli og umfang lóðréttar samþættingar fyrir hvern samrunaaðila um sig miðað við helstu keppinauta

Ekki er mikið um lóðréttu samþættingu að ræða, en þó má nefna að KS hefur verið birgi fyrir einhverja veitingastaði sem reknir verða af samrunaaðilum. KS þjónustar og er birgi fjölmargra annarra veitingastaða og eldhúsa, meðal annars með sölu kjöt- og mjólkurafurða, svo sem osta og tilbúinna sósa. Engar breytingar eru fyrirhugaðar á slíkri þjónustu af hálfu KS.

Á dagvörumarkaði eru fyrirtæki að einhverju leyti lóðrétt samþætt, t.d. selja verslanir KS meðal annars þær framleiðsluvörur sem félög í samstæðu þess framleiða.

7.9 Sundurliðun á heildartekjum sem fram koma í ársreikningum eftir helstu vöruflokkum og/eða þjónustupáttum í starfsemi aðila.

Í töflunni hér að neðan má sjá veltutölur rekstrareininganna fyrir árið 2021, en velta rekstrareininganna sem verða í NewCo I, sem verður í eigu KS og Háa kletts ehf., auk Metro ehf., er [] sé litið til ársins 2021. Hver rekstrareining um sig hefur með höndum einsleita starfsemi og því er að mati aðila ekki tilefni til að greina sölu niður á einstakar vörur eða þjónustu, yfirleitt eru drykkir og matvara seld samhliða.

NewCo I	Rekstrareining	Velta í m. kr.
	Aktu taktu	[]
	American Style	[]
	Hamborgarafabrikkan	[]
	Metro	[]
	Blackbox	[]
	Samtals	[]

7.10 Upplýsingar um helstu kostnaðarliði og kostnaðaruppbyggingu samrunaaðila

Stærsti kostnaðarliður samrunaaðila eru innkaup frá hinum ýmsu birgjum. Þar á eftir kemur starfsmannakostnaður (laun og launatengd gjöld) og húsnæðiskostnaður. Ekki er talin ástæðaa til að greina kostnaðarliði frekar hér.

8. Almenn skilyrði á mörkuðum þar sem áhrifa gætir

8.1 Tilgreina fimm helstu sjálfstæðu birgja aðilanna og hlut hvers og eins þeirra í innkaupum frá hverjum þessara birgja

Metro ehf. kaupir engin aðföng frá KS eða félögum í eigu KS:

- Allt kjöt s.s. hamborgarar, kjúklingur, beikon ofl. er innflutt.
- Allt brauð er innflutt.

Gleðipinnar hf.:

Nokkur fyrirtæki Gleðipinna hf. kaupa vörur af fyrirtækjum sem eru í eigu KS. Er þar aðallega um að ræða kaup á hamborgurum frá Esju Gæðafæði ehf.

Stærstu birgjar BlackBox Pizzeria ehf. eru:

Félag	Hlutfall
[]	[]
[]	[]
[]	[]
[]	[]
[]	[]

Stærstu birgjar Gleðiheima ehf. eru:

Félag	Hlutfall
[]	[]
[]	[]
[]	[]
[]	[]
[]	[]

Stærstu birgjar Gleðipinna hf. eru:

Félag	Hlutfall
[]	[]
[]	[]
[]	[]
[]	[]

Stærstu birgjar Nautafélagsins ehf. eru:

Félag	Hlutfall
[]	[]
[]	[]
[]	[]
[]	[]
[]	[]

Stærstu birgjar Rush Iceland ehf. eru:

Félag	Hlutfall
[]	[]
[]	[]
[]	[]
[]	[]
[]	[]

Stærstu birgjar Metro ehf. eru:

Félag	Hlutdeild
--------------	------------------

[]	[]
[]	[]
[]	[]
[]	[]
[]	[]

Kaup samrunaaðila á vörum og þjónustu af þeim birgjum sem upp eru taldir eru hér að framan eru að mati samrunaaðila almennt óverulegur hluti af þeirra sölu, bæði hvað varðar magn og verðmæti. Ekki er því talið að samruninn hafi nein áhrif á birgja og ekkert sem bendir til að samruninn leiði til þess að breytingar verði á birgjum rekstrareininganna sem um ræðir.

8.2 Lýsið helstu dreifileiðum og þjónustukerfum á mörkuðum þar sem áhrifa gætir, taka mið af eftirfarandi atriðum:

Þegar hefur verið gerð grein fyrir söluleiðum, en á veitingamarkaði koma viðskiptavinir á veitingastaðina og kaupa vörur, annað hvort neyta hennar á staðnum eða taka með (take away). Í einhverjum tilfellum er um að ræða heimsendingu en þá oftast eru það ótengdir aðilar sem annast um heimsendingu, svo sem Aha.

Því má bæta við að fullunnum vörum er almennt dreift beint til verslana, stóreldhúsa eða matvælaframleiðenda. Geta félög ýmist rekið eigin dreifikerfi eða keypt flutningaþjónustu. Innan samstæðu KS er starfandi félagið Vörumiðlun ehf. sem aðstoðar við flutninga, þá helst milli landshluta. Esja gæðafæði ehf. rekur eigin sendibíla en annars reiða félögin sig á þjónustu þriðju aðila. Gunnars ehf. dreifir vörum töluvert sjálft á höfuðborgarsvæðinu en kaupir að öðru leyti þjónustu þriðju aðila.

8.3 Þar sem það á við skal leggja fram mat á heildarafkastagetu síðastliðin þrjú ár. Hve stóran hluta þessarar afkastagetu hefur hver aðili samrunans um sig talið sig hafa á þessu tímabili og hvernig hafa þeir, hver um sig, nýtt þá afkastagetu

Framleiðslugeta skyndibitastaða er almennt meiri en á veitingastöðum sem þjóna til borðs. Almennt var vannýtt afkastagetu á meðan á heimsfaraldrinum stóð. Veitinga- og skyndibitastaðir eru almennt vel nýttir á álagstímum, milli kl. 18-20 á kvöldin og ágætlega í hádeginu en rólegra er þar á milli.

Framleiðslutæki sem notuð eru við sósuframleiðslu eru almennt til þess að gera afkastamikil. Hefur ekki verið skortur á framleiðslugetu á undanförunum árum og gætu Gunnars ehf. og Vogabær ehf. sennilega aukið framleiðslu sína ef á það myndi reyna og má allt eins gefa sér að það sama gildi um helstu keppinauta félaganna.

Ekki er fyrir séð að mikil breyting verði í framleiðslugetu við samrunann en framleiðslugetan ræðst af ýmsum þáttum.

8.4 Teljist aðrir þættir framboðs skipta máli í þessu sambandi ber að tilgreina þá hér

Hvernig eftirspurn er háttáð á mörkuðum þar sem áhrifa gætir?

Staða veitinga- og skyndibitamarkaðar fyrir heimsfaraldur og áskoranir á meðan honum varði benda til að vænta megi vaxtar. Fyrir heimsfaraldur var vöxtur á veitinga- og skyndibitamarkaði og var árlegur meðaltalsvöxtur 12% (CAGR). Velta erlendra ferðamanna á veitinga- og skyndibitamarkaði taldi um og yfir fimmtung af heildarveltu þegar ferðamannastraumurinn var í hámarki. Þróunin fyrir heimsfaraldur

sýndu einnig breyttar neysluvenjur, aukin kaup á veitingastöðum og hærra hlutfall neyslu á veitingastöðum í hlutfalli af heildareinkaneyslu innanlands⁹.

Almennt er eftirspurn eftir köldum sósum stöðug. Helst verða breytingar samfara fólksfjölgun. Fjölgun ferðamanna á undanförunum árum hefur einnig haft nokkur áhrif. Smekkbreytingar hafa orðið á markaðnum sé lítið til lengri tíma. Endurspeglast það að nokkru í fjölbreyttara vöruúrvali í smásölu. Reglulega koma nýjar tegundir á markaðinn til lengri eða skemmri tíma sem bendir til nýjungagirni á meðal neytenda.

Einhver vörumerkjatryggð er á markaðnum. Á smásöluhluta hans virðast sum vörumerki vera vinsælli en önnur. Nýtur Gunnars ehf. þess sennilega að hafa starfað á markaðnum lengi og að vörumerkið er þekkt. Stóreldhús og matvælaframleiðendur skeyta ekki um vörumerki heldur einblína á verð og/eða gæði. Líkt og fram hefur komið geta stærri aðilar hæglega framleitt eigin sósur ef því er að skipta. Geta stærri aðilar sömuleiðis auðveldlega fært innkaup sín bjóðist þeim betri kjör annars staðar.

Stóreldhús og matvælafyrirtæki sem kaupa vörur samrunaaðila eru af ýmsum toga. Stærri fyrirtæki eru stórar skyndibitakeðjur á borð við KFC og Subway, þá kaupir Sómi mikið af majonesi og öðrum köldum sósum til samlokugerðar. Eins eru veitingastaðir og bakarí á meðal þeirra sem kaupa mikið af köldum sósum. Er viðskiptavinirnir því afar ólíkir.

Einkakaupsamningar hafa ekki tíðkast á markaðnum. Er jafnvel lítið um formlega samninga hvort heldur sem er um kaldar sósur eða á dagvörumarkaði og bjóða dagvöruverslanir yfirleitt upp á mikið úrval slíkra vara frá mörgum framleiðendum, bæði innlendum og erlendum.

Hið opinbera á ekki í umfangsmikilli matvælaframleiðslu og eru samningar við opinbera aðila því ekki stór hluti markaðarins. Þó geta stærri mótuneyti sem rekin eru af ríkinu eða fyrir ríkið haft eitthvað að segja.

Á hið sama við dagvörumarkaðinn í meginatriðum. Viðskiptavinir dagvöruverslana eru þó fyrst og fremst neytendur. Er erfitt að skipta þeim í sérstaka hópa.

Nýir aðilar á markaði

Nýir aðilar koma reglulega inn á markaði fyrir veitinga- og skyndibitastaði. Má sem dæmi nefna ýmsar mathallir og fleiri staði, sem koma og fara. Spaðinn hóf starfsemi og var með tvo take away staði, en hefur nú lokað að öllu leyti. Á það við um samrunaaðila eins og aðra og má nefna dæmi um að stöðum fækki, t.d. hefur stöðum Saffran fækkað og einnig BlackBox.

Aðilar á borð við Stonewall Kitchen hafa komið inn á markaðinn fyrir kaldar sósur á undanförunum árum. Ávallt er eitthvað um það að nýir aðilar hasli sér völl á markaðnum.

EKKI er mikið um að nýir aðilar komi inn á markað fyrir vinnslu og sölu kjötafurða.

Erlend fyrirtæki

Ekkert bendir sérstaklega til þess að erlend fyrirtæki muni hasla sér völl á mörkuðum málsins á næstunni en ekkert kemur þó í veg fyrir inngöngu þeirra. Kaldar sósur eru almennt framleiddar hér á landi eða fluttar inn í gegnum innlenda umboðsaðila. Er sennilegast að svo verði áfram. Í þessu samhengi er þó rétt að benda á að Kjarnavörur hf. sem eru mjög stór aðili á markaðnum eru í meirihlutaeigu Dragsbæk Margarinfabrik A/S.

Nýlega haslaði Costco sér völl á dagvörumarkaði. Að mati samrunaaðila er ólíklegt að erlendir aðilar muni hasla sér völl á landfræðilegum markaði KS í dagvöru.

⁹ Heimild: Hagstofan

8.5 Tilgreinið nöfn tíu stærstu sjálfstæðu viðskiptavina aðilanna á hverjum markaði þar sem áhrifa gætir og hver stóran hlut í heildarsölu o.s. frv. hjá viðkomandi aðila hver þessara viðskiptavina hefur á viðkomandi tímabili

Staðgreiðsluviðskipti eru alsíða hjá veitinga- og skyndibitastöðum og í dagvöruverslun. Er því ómögulegt að upplýsa um stærstu viðskiptavini aðila á þeim mörkuðum. Varðandi sósumarkað má vísa til umfjöllunar í samrunatilkynningu vegna kaupa KS á Gunnars ehf.

8.6 Lýsið því hvernig eftirspurn á hverjum markaði er háttað að því er varðar:

a) Þróun markaðarins, t.d. hvort hann er á upphafsstigi, í útpenslu, mettaður, eða í hnignun, og spáið fyrir um hve ört eftirspurn muni vaxa

i. Veitinga- og skyndibitamarkaður

Samrunaaðilar telja að veitinga- og skyndibitamarkaður geti vaxið frekar. Bæði með breyttri neyslu og matarvenjum Íslendinga og einnig með fjölgun ferðamanna eftir heimsfaraldurinn. Í nýlegri þjóðhagsspá Íslandsbanka er gert ráð fyrir því að a.m.k. 1,1 milljónir ferðamanna sæki landið heim á þessu ári, 1,5 milljón ferðamenn á árinu 2023 og 1,7 milljón ferðamenn á árinu 2024.

ii. Sósumarkaður

Almennt er eftirspurn eftir köldum sósum stöðug. Helst verða breytingar samfara fólksfjölgun. Fjölgun ferðamanna á undanförunum árum hefur sennilega einnig haft nokkur áhrif. Smekkbreytingar hafa orðið á markaðnum sé litið til lengri tíma. Endurspeglast það að nokkru í fjölbreyttara vöruúrvali í smásölu. Reglulega koma nýjar tegundir á markaðinn til lengri eða skemmri tíma sem bendir til nýjungagirni á meðal neytenda.

iii. Dagvörumarkaður

Dagvörumarkaðurinn mun að öllum líkindum vaxa samfara fólksfjölgun. Þá er ljóst að ferðamenn nýta sér dagvöruverslanir til innkaupa. Ein af sennilegum afleiðingum þess er þróun sem sjá má og felst í því að dagvöruverslanir bjóða sífellt meira útval af tilbúnum réttum og matarbökkum, samlokum o.s. frv., sem að mati samrunaaðila teljast vera í samkeppni við t.d. skyndibitastaði. Nýlegt dæmi má nefna verslun Krónunnar í Borgartúni, þar er mikið úrval af slíkum réttum og virðist vera um klára staðgöngu að ræða við t.d. veitingastaðinn BlackBox við hliðina og Borg 29, þegar kemur að tilbúnum mat til að taka með sér, t.d. í hádeginu.

iv. Vinnsla og sala á kjötvörum

Ekki hafa orðið miklar breytingar á þessum markaði, en þó hefur innflutningur á slíkum vörum vaxið töluvert og mun að öllum líkindum vaxa enn frekar á komandi árum. Eftirspurnin helst í takti við fjölgum fólks og ferðamanna

b) Vægi viðskiptavinavildar að því er varðar vörumerkjatryggð, vöruaðgreiningu og heildarvöruúrval

i. Veitinga- og skyndibitamarkaður

Einhver vörumerkjatryggð er á markaðnum og virðast sum vörumerki vinsælli en önnur. Vinsældir geta þó verið tímabundnar, margir vilja t.d. prófa nýja staði. Mikil vinna getur því farið í að viðhalda vinsældum, gæta þarf að gæðum o.fl.

ii. Sósumarkaður

Einhver vörumerkjatryggð er á markaði fyrir sósur. Á smásöluhluta hans virðast sum vörumerki vera vinsælli en önnur. Nýtur Gunnars ehf. þess sennilega að hafa starfað á markaðnum lengi og að vörumerkið er þekkt. Stóreldhús og matvælaframleiðendur skeyta ekki um vörumerki heldur einblína á verð og/eða gæði. Líkt og fram hefur komið geta stærri aðilar hæglega framleitt eigin sósur ef því er að skipta. Getu stærri aðilar sömuleiðis auðveldlega fært innkaup sín bjóðist þeim betri kjör annars staðar.

iii. Dagvörumarkaður

Það er mat samrunaaðila að verð sé helsti drifkrafturinn að baki því hvar neytendur versla. Svokallaðar lágvöruverslanir hafa vaxið undanfarin ár. Vörumerkjatryggð er því ekki mikil að mati aðila.

iv. Vinnsla og sala á kjötvörum

Það er mat samrunaaðila að vörumerkjatryggð á þessum markaði sé afar takmörkuð.

c) *Sambjöppun eða dreifingu neytenda*

i. Veitinga- og skyndibitamarkaður

Viðskiptavinir eru aðallega almennir neytendur á Íslandi, auk þess sem ferðamönnum hefur fjölgað á seinni árum og er nú aftur að fjölga eftir heimsfaraldur Covid. Ekki er því hægt að tala um sambjöppun eða dreifingu neytenda í þessu sambandi.

ii. Sósumarkaður

Stóreldhús og matvæla fyrirtæki sem kaupa vörur samrunaaðila eru af ýmsum toga. Stærri fyrirtæki eru stórar skyndibitakeðjur á borð við KFC og Subway, þá kaupir Sómi mikið af majonesi og öðrum köldum sósum til samlokugerðar. Eins eru veitingastaðir og bakarí á meðal þeirra sem kaupa mikið af köldum sósum. eru viðskiptavinirnir því afar ólíkir og engin sérstök merki um sambjöppun viðskiptavina, nema þá að stærri samrunar verði á seinna sölustigi, svo sem á dagvörumarkaði og hjá öðrum sem slíkar vörur nýta.

iii. Dagvörumarkaður

Á ekki við.

iv. Vinnsla og sala á kjötvörum.

Engin sérstök merki eru um sambjöppun viðskiptavina, nema þá að stærri samrunar verði á seinna sölustigi, svo sem á dagvörumarkaði og hjá öðrum sem slíkar vörur nýta.

d) *Skiptingu viðskiptavina í ólíka flokka og lýsingu á „dæmigerðum viðskiptavini“ í hverjum flokki*

Erfitt að skipta viðskiptavinum veitinga- og skyndibitastaða og svo dagvöruverslana í sérstaka hópa. Fyrst og fremst er um almenna neytendur að ræða og ferðamenn.

e) *Vægi samninga um einkadreifingu og annars konar langtímasamninga*

Einkakaupsamningar hafa ekki tíðkast á þeim mörkuðum sem áhrifa gætir.

f) *Vægi eftirspurnar frá opinberum yfirvöldum, ríkisstofnunum, ríkisfyrirtækjum eða áþekktum aðilum*

Hið opinbera á ekki í umfangsmikilli matvælaframleiðslu og eru samningar við opinbera aðila því ekki stór hluti þeirra markaða sem áhrifa gætir. Þó geta stærri mötuneyti sem rekin eru af ríkinu eða fyrir ríkið haft eitthvað að segja, þ.e. þessi mötuneyti bjóða upp á hádegisverð oft gegn greiðslu og kaupa inn hráefni til þeirrar matvælaframleiðslu. Opinberir starfsmenn hafa þá val um hvort þeir borði hádegisverð á vinnustað sínum eða t.d. á veitinga- eða skyndibitastað.

Markaðsaðgangur.

8.7 Hefur nýjum fyrirtækjum tekist að hasla sé völl svo um munar á mörkuðum þar sem áhrifa gætir á síðastliðnum fimm árum? Ef svarið er já skal gefa upp heiti hvers fyrirtækis og áætlaða núverandi markaðshlutdeild hvers þeirra

Svo virðist sem að aðilum hafi tekist ágætlega að koma sér fyrir á markaði fyrir veitinga og skyndibitastaði hér á landi síðastliðin ár. Má þar nefna að ýmsir staðir innan mathalla hafa haslað sér völl og hafa verið að bæta við sig vöruframboði og eiga í mikilli samkeppni við samrunaaðila. Það virðist því vera ódýrt og í sjálfu sé einfalt mál að koma af stað samkeppni hér á landi á þeim mörkuðum sem samrunaaðilar starfa á. Aðgangshindranir eru engar og aðgangur að birgjum sem samrunaaðilar skipta við er óhindraður og birgjar bítast um að fá að eiga viðskipti.

Stonewall Kitchen hefur komið inn á markaðinn fyrir kaldar sósur á undanförunum árum. Er markaðshlutdeild a.m.k. 1% í köldum sósnum til smásölu. Ávallt er eitthvað um það að nýir aðilar hasli sér völl á markaðnum.

Minna hefur verið um nýja aðila á markaði fyrir vinnslu og sölu kjötafurða.

8.8 Telja aðilar samrunans að til séu fyrirtæki, þ.m.t. erlend fyrirtæki, sem eru líkleg til að hasla sér völl á markaðinum? Ef svarið er já skal skýra hvers vegna, áætla hvenær þetta muni eiga sér stað og gefa upp heiti fyrirtækjanna

Almennt virðast erlendir aðilar ekki velja að stunda starfsemi á markaði veitinga- og skyndibitastaða með beinum hætti. Þó er algengt að innlendir aðilar geri viðskiptasamninga of (e. franchise) og fái að nýta erlend vörumerki, t.d. Dominos, KFC, PizzHut o.s. frv.

Kaldar sósur eru almennt framleiddar hér á landi eða fluttar inn í gegnum innlenda umboðsaðila. Er sennilegast að svo verði áfram. Í þessu samhengi er þó rétt að benda á að Kjarnavörur hf. sem eru mjög stór aðili á markaðnum eru í meirihlutaeigu Dragsbæk Margarínfabrik A/S og ekkert sem kemur í veg fyrir að erlendir aðilar fjárfesti hér á landi í slíkri starfsemi.

8.9 Lýsið hinum ýmsu þáttum, bæði landfræðilegum og þeim sem lúta að vörunni/þjónustunni, sem hafa áhrif í þessu tilviki á aðgang að mörkuðum þar sem áhrifa gættir. Takið í þessu sambandi mið af eftirtöldum atriðum, eftir því sem við á

a) *Heildarkostnaði sem því fylgir að hasla sér völl á viðkomandi markaði og ná sambærilegri sölu og hugsanlegur öflugur keppinautur og gefið til kynna markaðshlutdeild slíks keppinautar*

Helsti kostnaðarliður við það að hefja rekstur á veitinga- og skyndibitastaðamarkaði eru vörukaup, ásamt öðrum rekstrarkostnaði s.s. húsnæði undir starfseminu, launakostnaður o.þ.h.

Helsti kostnaður við að hefja rekstur á sósnumarkaðnum er að tryggja sér vélar og tæki auk húsnæðis- og launakostnaðar.

b) *Aðgangshindrunum í lögum og reglugerðum, svo sem leyfisveitingu stjórnvalda eða hvers kyns opinberum stöðlum*

Útvega þarf nauðsynleg leyfi til rekstrar og framleiðslu, en það getur ekki talist aðgangshindrun í sjálfu sér þó að einhver kostnaður fylgi leyfum og matvælaeftirliti, enda er hann óverulegur og leggst jafnt á alla.

c) *Að hve miklu leyti markaðsaðgangur takmarkast af einkaleyfum, verkunnáttu og öðrum hugverkarétti á þessum mörkuðum og veitingu slíkra nytjaleyfa*

Ekki er þörf á að afla einkaleyfa til þess að hefja starfsemi á þeim mörkuðum sem áhrifa gættir, hvort sem litið er til markaðar fyrir veitinga og skyndibitastaði eða fyrir kaldar sósur. Aðilar verða þó að hafa einhverja verkunnáttu við matvælagæð og framleiðslu.

d) *Að hve miklu leyti hver og einn aðili samrunans hefur eða lætur í té nytjaleyfi, verkunnáttu eða önnur réttindi á viðkomandi mörkuðum*

Nautafélagið ehf. leyfir þriðju aðilum að framleiða og selja kaldar sósur undir vörumerkinu Hamborgarafabrickan 2010. Vörumerkjatekjur Nautafélagsins ehf. voru um [] m. kr. á árinu 2021, en líkt og áður hefur komið fram er það einnig vegna framleiðslu og sölu á hamborgurum og hamborgarabrauðum.

Að öðru leyti láta samrunaaðilar ekki í té nytjaleyfi eða verkunnáttu eða önnur réttindi.

e) *Vægi stærðarhagkvæmni í rekstri á mörkuðum þar sem áhrifa gættir*

Stærðarhagkvæmni á veitinga- og skyndibitastaðamarkaði felst í því að geta boðið upp á vörur í fleiri vöruflokkum og þar með höfðað til breiðari markhóps viðskiptavina ásamt því að skapa forsendur til verðlækkana.

Stærðarhagkvæmni á markaði fyrir kaldar sósur felst í því að auka rekstrarhagkvæmni félaganna og skapa forsendur til verðlækkana, eða a.m.k. koma í veg fyrir að verðhækkningar verði jafn miklar og ella.

f) *Aðgangi að birgðum, til dæmis framboði á hráefnum*

Sjá svar a. og c., en það má nefna að birgjar bítast verulega um að fá að eiga viðskipti við rekstraraðila á þeim mörkuðum sem um ræðir.

g) *Aðgangi að hvers konar aðstöðu eða samstarfi sem nauðsynlegt er til að geta veitt þjónustu á viðkomandi markaði. Upplýsið um kostnað og hugsanlegar hindranir sem nýr aðili á markaðnum stæði frammi fyrir í þessu sambandi.*

Að mati samrunaaðila er ekki hægt að tala um aðgang að aðstöðu eða samstarfi í þessu sambandi, þar sem um er að ræða hefðbundna myndun viðskiptatengsla við birgja.

Rannsóknir og þróun.

8.10 Gerið grein fyrir vægi rannsókna og þróunar hvað varðar samkeppnishæfni fyrirtækis á viðkomandi markaði til lengri tíma litið. Lýsið eðli rannsókna og þróunar á vegum samrunaaðila á mörkuðum þar sem áhrifa gætir. Takið í þessu sambandi mið af eftirfarandi, eftir því sem við á

a) *Stefnu og umfangi rannsókna og þróunar á umræddum mörkuðum og hjá aðilum samrunans*

b) *Tækniþróun sem átt hefur sér stað á umræddum mörkuðum á hæfilegu tímabili*

c) *Helstu nýjungum sem fram hafa komið á þessum mörkuðum og fyrirtækjunum sem staðið hafa að þessum nýjungum*

d) *Þróunarferli nýjunga á þessum mörkuðum og hvar samrunaaðilarnir eru staddir í því ferli*

e) *Að hve miklu leyti markaðsaðgangur kann að takmarkast af gildandi samningum sem fela í sér útilokunaráhrif, s.s. vegna ákvæða um einkakaup, einkasölu eða einkadreifingu ellegar langs gildistíma*

Samrunaaðilar telja þennan lið varla eiga við. Þess má þó geta að þróunarvinna Nautafélagsins ehf. er unnin af þeim sjálfum. Er í meginatriðum þekkt hvaða sósur falla í kramið hjá Íslendingum. Þá eru uppskriftirnar að mörgum sósú ekkert sérstakt leyndarmál og getur hver sem er framleitt hvaða sósu sem er án mikillar rannsóknarvinnu.

Samstarfssamningar.

8.11 Í hve ríkum mæli er um að ræða samstarfssamninga (lárétta og/eða lóðrétta) á mörkuðum þar sem áhrifa gætir?

Samrunaaðilum er ekki kunnugt um samstarfssamninga sem hér eiga við. Þó mætti helst nefna að í einhverjum tilfellum tíðkast að gera samninga við birgja, og þá þar t.d. nefna gosdrykkjaframleiðendur.

8.12 Lýsið mikilvægustu samstarfssamningum sem samrunaaðilar hafa gert við aðra á mörkuðum þar sem áhrifa gætir, til dæmis samningum um rannsóknir og þróun, nytjaleyfi, sameiginlega framleiðslu/þjónustu, sérhæfingu, dreifingu og upplýsingaskipti

Á ekki við.

Atvinnugreinasamtök.

8.13 Að því er varðar atvinnugreinasamtök á mörkuðum þar sem áhrifa gætir skal tilgreina samtök sem samrunafyrirtæki tilheyra. Gefið upp heiti allra framangreindra atvinnugreinasamtaka og verksvið þeirra

KS er aðili að Samtökum verslunar- og þjónustu, Samtökum fyrirtækja í sjávarútvegi, Samtökum fyrirtækja í landbúnaði, Samtökum Atvinnulífsins, Samtökum sláturleyfishafa og Samtökum mjólkuriðnaðarins. Gleðipinnar hf. og Háí klettur ehf. eru ekki í atvinnugreinasamtökum.

9. Áhrif á neytendur og milliliði

Lýsið hugsanlegum áhrifum fyrirhugaðs samruna á hagsmuni neytenda og milliliða og á þróun efnahags- og tækniframfara.

- a) *Hvernig hinn fyrirhugaði samruni er til hagsbóta fyrir neytendur og með hvaða hætti samrunaaðilar munu ná þeim hagsbótum fram. Skal því lýst nákvæmlega og allir mögulegir kostir fyrir neytendur tilgreindir.*
- b) *Hversu miklar hagsbætur fyrir neytendur er um að ræða og hvenær þær koma fram. Skal það rökstutt sérstaklega og útreikningum framvísað til frekari stuðnings því hverjar hagsbæturnar eru að umfang*
- c) *Hvort mögulegt sé að ná fram sömu hagsbótum með öðrum hætti. Sé það ekki mögulegt skal rökstyðja það sérstaklega*

Með samrunanum munu skapast samlegðaráhrif í rekstri samrunaaðila, sem verður til þess að hægt verður að lækka rekstrarkostnað, sem skilar sér vonandi í lægra vöruverði til neytenda, auknu vöruúrvali og meiri samkeppni. Í lægri rekstrarkostnaði felst t.d. samnýting á innri kerfum, skrifstofuhúsnæði og annarri stoðþjónustu. Samrunaaðilar sjá ekki fyrir sér að samruninn hafi í för með sér sérstakar tækni- eða efnahagsframfarir. Það skal þó á það bent að rekstraraðilar t.d. veitingastaða eru sífellt að leita leiða til að lækka kostnað, enda eru vinnulaun og launatengd gjöld há og ýmsar tæknilausnir hafa leyst mannshöndina af, svo sem pantanakerfi o.s. frv.

10. Samstarfsáhrif sameiginlegs verkefnis

- a) *Halda tvö eða fleiri fyrirtæki, sem standa að hinu sameiginlega verkefni (móðurfyrirtæki), áfram verulegri starfsemi á sama markaði og sameiginlega verkefnið eða á markaði sem er á fyrra eða seinna sölustigi miðað við þann markað sem hið sameiginlega verkefni starfar á, eða á náskyldum tengdum markaði?*

Ef svarið er já skal tilgreina fyrir hvern markað sem um getur hér:

- *veltu hvers móðurfyrirtækis á síðasta reikningsári,*
- *efnahagslegt vægi starfsemi sameiginlega verkefnisins miðað við þessa veltu,*
- *markaðshlutdeild hvers móðurfyrirtækis.*

Ef svarið er nei ber að rökstyðja það.

Metro ehf. heldur áfram starfsemi sem og Esja gæðafæði ehf.

- b) *Ef svarið við a-lið er já og það er mat aðila að stofnun fyrirtækis um sameiginlegt verkefni leiði ekki til samræmingar milli sjálfstæðra fyrirtækja sem hindrar samkeppni í skilningi 10. gr. samkeppnislaga ber að rökstyðja svarið.*

11. Viðbótartakmarkanir

Ef aðilar samruna og/eða aðrir hlutaðeigandi aðilar gera með sér samning um viðbótartakmarkanir, sem eru í beinum tengslum við samrunann og nauðsynlegar til að framkvæma samrunann má meta samkeppnisleg áhrif í tengslum við samrunann sjálfan.

a) *Tilgreina skal allar viðbótartakmarkanir í samningum sem fylgja tilkynningu og óskað eftir að fá metnar í tengslum við samrunann og;*

]]¹⁰

b) *Útskýra ber hvers vegna þessar takmarkanir eru í beinum tengslum við samrunann og nauðsynlegar fyrir framkvæmd hans*

[].¹¹

12. Yfirlýsing

Undirritaður lögmaður, f.h. samrunaaðila, lýsir því yfir að upplýsingar sem veittar eru í tilkynningu þessari eru sannar, réttar og fullnægjandi samkvæmt bestu vitund, að óstytt afrit af skjölum, sem krafist er í skránni, fylgja með, að allt mat er tilgreint sem slíkt og sett fram samkvæmt bestu vitund og vitneskju um staðreyndir málsins og þar sem álit er látið í ljós er það gert í góðri trú. Undirritaður hefur kynnt sér ákvæði 41. gr. b. samkeppnislaga nr. 44/2005, með síðari breytingum.

Ef frekari upplýsinga og/eða gagna er þörf þá mun tengiliður annast milligöngu um öflun þeirra.

Reykjavík, 2. nóvember 2022.

Virðingarfyllt

f.h. samrunaaðila,

KPMG Law ehf.

Jónas Rafn Tómasson, lögmaður.

Borgartúni 27, Reykjavík

Netfang: jtomasson@kpmg.is

Símar: 545-6180 / 893-8814

¹⁰ Trúnaðarmál.

¹¹ Trúnaðarmál.

13. Fylgiskjöl

13.1 Helstu skjöl vegna samrunans.

Fylgiskjal A: Kaupsamningur – kaup óstofnaðs félags, NewCo I, sem verður í eigu KS og Háa kletts ehf. [], á öllu hlutafé Gleðipinna hf. ásamt viðauka.¹²

13.2 Ársreikningar samrunafélaganna

Fylgiskjal B: Ársreikningar KS, Háa kletts ehf. og Gleðipinna hf. fyrir rekstrarárin 2020 og 2021.

13.3 Þegar tilgreindur er a.m.k. einn markaður þar sem áhrifa gætir skal leggja fram afrit af greiningum, skýrslum, rannsóknum, könnunum, minnisblöðum eða þess háttar sem á einhvern hátt tengjast samrunanum

Fylgiskjal C: [].¹³

Fylgiskjal D: [].¹⁴

Fylgiskjal E: [].¹⁵

Fylgiskjal F: [].¹⁶

Fylgiskjal G: [].¹⁷

13.4 Afrit af greiningum, skýrslum, rannsóknum, könnunum, minnisblöðum, eða þess háttar sem aðilar samrunans hver um sig hafa gert eða látið gera undanfarin tvö ár varðandi hugsanleg áform þeirra um að hefja eða auka starfsemi á mörkuðum þar sem þeir hafa lítt eða ekki starfað áður

13.5 Önnur fylgiskjöl:

Fylgiskjal H: Umboð lögmanns til að annast samrunatilkynningu og samskipti við Samkeppniseftirlitið.

Fylgiskjal I: Vottorð úr fyrirtækjaskrá (CreditInfo) fyrir samrunaaðila.

Fylgiskjal J: Listi yfir hlutafélagapátttöku stjórnarmanna Kaupfélags Skagfirðinga svf.

Fylgiskjal K: Listi yfir hlutafélagapátttöku stjórnarmanna Háa kletts ehf.

Fylgiskjal L: Listi yfir hlutafélagapátttöku stjórnarmanna Gleðipinna hf.

Fylgiskjal M: Yfirlit yfir félög sem KS á minna en 50% í.

Fylgiskjal N: Kvittun fyrir greiðslu á gjaldi fyrir samrunatilkynningu.

¹² Trúnaðarmál.

¹³ Trúnaðarmál.

¹⁴ Trúnaðarmál.

¹⁵ Trúnaðarmál.

¹⁶ Trúnaðarmál.

¹⁷ Trúnaðarmál.